FRÉTTABLAÐIÐ
103. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 3. MAÍ 2018


Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu og frambjóðandi Íslands í barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, mætti fyrir velferðarnefnd Alþingis í gær. Bragi hefur legið undir ásökunum um að hafa farið út fyrir valdsvið sitt og vill úttekt á störfum sínum. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Eiríkur Rögnvaldsson fjallar um stöðu íslenskunnar. 18

**SPORT** Pepsi-deild kvenna hefst í kvöld með stórleik. 12

**MENNING** Listahátíðin List án landamæra hefst í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. 30

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Stjórinn hækkar en aðrir lækka

**KJARAMÁL** Þjónustufulltrúa í Hörpu ofbauð svo frétt af launahækkun forstjóra Hörpu í fyrra, sem Fréttablaðið greindi frá í gær, að hann fór rakleiðis og sagði upp. Ástæðan er að hann og samstarfsfólk hans tók á sig verulega launalækkun hjá Hörpu um áramótin.

„Ég veit ekki til þess að aðrir en þjónustufulltrúarnir hafi verið lækkaðir í launum, sem nota bene eru lægst launuðu starfsmenn hússins,“ segir Örvar Blær Guðmundsson, námsmaður og fyrrverandi þjónustufulltrúi í Hörpu.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, fékk 20 prósenta launahækkun síðastliðið sumar. Svanhildur skrifar grein í Fréttablaðið í dag þar sem hún fjallar um rekstur hússins.

„Við höfum þrátt fyrir áskoranir náð að bæta rekstur Hörpu á síðasta ári. Það tókst með samstilltu átaki alls starfsfólks sem hefur velt við hverjum steini í leit að tækifærum,“ segir Svanhildur í greininni.

– smj / sjá síður 4, 16


Rekstur Hörpu er mikið ræddur.

# Miklar breytingar eru í vændum á Akureyri

**Meirihlutinn í bæjarstjórn Akureyrar myndi kolfalla ef sveitarstjórnarkosningar færu fram í dag. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu. Sjálfstæðismenn fengju fjóra menn kjörna og L-listinn fengi tvo.**

**STJÓRNMÁL** Það stefnir í miklar breytingar á bæjarstjórn Akureyrar, samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert. Meirihluti Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og L-listans myndi falla ef kosið væri í dag. .

Samkvæmt niðurstöðunum yrði Sjálfstæðisflokkurinn stærsti flokkurinn í bæjarstjórninni. Fylgi Sjálfstæðisflokksins mælist tæplega 29 prósent. Næstur kemur L-listinn, sem einnig er myndaður af fólki úr Viðreisn og Bjartri framtíð. Hann er með tæplega 21 prósent. VG kemur síðan með 11 prósent og Framsóknarflokkurinn með 10 prósent. Þá fengi Samfylkingin tæplega 10 prósenta fylgi, Miðflokkurinn tæplega níu prósent og Píratar rúm sjö.

Útkoma Miðflokksins í könnuninni vekur sérstaka athygli, sé horft til þess að flokkurinn hefur ekki enn tilkynnt hvort hann muni bjóða fram lista á Akureyri og þaðan af síður hvaða menn myndu skipa listann.

### Könnun gerð 2. maí 2018




Í bæjarstjórn Akureyrar sitja ellefu fulltrúar. Ef niðurstaða kosninganna 26. maí yrði í takti við könnunina fengi Sjálfstæðisflokkurinn fjóra kjörna fulltrúa í bæjarstjórn, L-listinn fengi tvo.

VG, Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin, Píratar, og Miðflokkurinn fengju svo einn mann kjörinn hver.

Þessi niðurstaða myndi þýða að bæjarstjórnin tæki miklum breytingum eftir kosningar. Í kosningunum fyrir fjórum árum fékk Sjálfstæðisflokkurinn þrjá menn kjörna, L-listinn fékk tvo menn, Samfylkingin fékk tvo menn, Framsóknarflokkurinn tvo, VG fékk einn mann og Björt framtíð, sem þá bauð fram sérlista, fékk einn mann. Samfylkingin, L-listinn og Framsókn mynduðu meirihluta

Hringt var í 930 manns með lögheimili á Akureyri þar til náðist í 809 samkvæmt lagskiptu úrtaki 2. maí. Svarhlutfallið var 87 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Alls tók 49,1 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 13,1 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 22,4 prósent sögðust óákveðin og 15,4 prósent vildu ekki svara spurningunni.

– jhh / sjá síðu 6






## Veður




Í dag gengur hann í suðvestan strekking. Honum fylgir éljagangur. Norðaustan- og austanlands verður hins vegar þurrt og bjart og einnig hlýjast. SJÁ SÍÐU 26

# Myndi fagna óháðri úttekt á störfum sínum

**VELFERÐARMÁL** Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, fagnar því ef fram mun fara óháð úttekt á störfum hans. Hann telur ekkert tilefni til vantrausts.

Þetta kom fram í máli Braga að loknum fundi hans með velferðarnefnd í gærmorgun. Í upphafi stóð til að fundurinn yrði opinn en breyting varð þar á, meðal annars vegna trúnaðargagna sem Bragi lagði fram á fundinum.

Undanfarna daga hefur Bragi sætt gagnrýni vegna ásakana um að hann hafi haft afskipti af máli sem var til meðferðar hjá barnaverndarnefnd á höfuðborgarsvæðinu. Félags- og jafnréttismálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, hefur síðan verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki gert þinginu viðvart um niðurstöðu úttektar í velferðarráðuneytinu á málinu en þar kom fram að Bragi hefði farið út fyrir valdsvið sitt.

Að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma tóku nokkrir þingmenn til máls um fundarstjórn forseta og bentu á að ráðherra hefði mögulega brotið gegn ákvæði þingskapalaga með því að hafa ekki lagt fyrir þingið gögn sem málið varða. Hefur verið kallað eftir því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins taki málið til skoðunar.

„Mér finnst ósköp eðlilegt að þingið standi fyrir því að nefnd á þess vegum rannsaki og skoði það sem fram hefur farið núna undanfarið, samskipti hæstvirts félags- og jafnréttismálaráðherra við velferðarnefnd,“ segir Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. – jóe

**» Oddný Harðardóttir segir eðlilegt að nefnd á vegum þingsins rannsaki það sem gerst hefur, meðal annars samskipti ráðherra við velferðarnefndina.**

# Undirbýr HM í fjallahlaupi á Spáni



**Heimsmeistaramótið í fjallahlaupum fer fram nærri Valencia á Spáni þann 12. maí næstkomandi. Guðni Páll Pálsson er einn þeirra sem taka þátt. Til þess að venjast hitanum á Spáni ákvað hann að hlaupa kappklæddur í World Class. Hann býst við að hitinn verði um 25 gráður. Sem er kannski ekkert svo mikið, en fyrir Íslendinginn sem er að æfa í -5 gráðum alla jafna, þá er þetta nokkuð strembið, segir Guðni Páll.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Miðar á GNR rokseljast

**MANNLÍF** „Miðasalan fór af stað með hvelli,“ segir Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Solstice Production, sem stendur fyrir tónleikum Guns N' Roses á Laugardalsvelli í sumar. Miðasala hófst á þriðjudag en í sérstakri forsölu á laugardag fóru fimm þúsund miðar á örskotsstundu.

Þegar Fréttablaðið ræddi við Björn upp úr hádegi í gær, á öðrum degi miðasölunnar, höfðu selst alls 14.500 miðar.

„Það hefur verið mest sala á miðunum í stæði þannig að þeim er að fækka mjög mikið,“ segir Björn.

Gert er ráð fyrir að selja um tólf þúsund miða í stæði en rúmlega tíu þúsund höfðu selst þegar Fréttablaðið kannaði málið í gær. Miðar í stæði kosta 18.900 krónur en síðan eru einnig seldir miðar í stúku sem kosta frá 29.900 upp í 49.900 krónur. – smj




# Tengdadóttirin þakkar óumskorna kærastann

**Athafnamaðurinn Valgeir Sigurðsson segist hafa orðið fyrir miklum þrýstingi í Flórída á að láta umskera son sinn sem fæddist þar í fylkinu. Hann kveður son sinn og tengdadóttur sömuleiðis vera sér þakklát fyrir að hafa staðist áganginn.**



**Kristján, sonur Valgeirs Sigurðssonar, býr með konu sinni í Flórída. Parið er þakklátt Valgeiri, segir hann.**



**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er bara svo ósvífið,“ segir Valgeir Sigurðsson athafnamaður sem fann fyrir miklum þrýstingi læknaliðs í Flórída á að sonur hans sem þar fæddist yrði umskorinn.

„Fyrir 35 árum fæddist mér sonur í Flórída. Á spítalanum var ég spurður hvort það ætti ekki að umskera hann og ég sagði nei. Læknirinn gekk hart fram og það var í þrígang sem ég varð að segja nei, það á ekki að umskera hann,“ lýsir Valgeir sem kveðst vilja leggja sína frásögn inn í umræðuna um bann við umskurði drengja.

Á þeim tíma sem drengurinn kom í heiminn bjó Valgeir í Lúxemborg. Hann var þá þekktur fyrir bar sinn Cockpit Inn og framleiðslu á íslensku brennivíni undir vörumerkinu Black Death.

„Þarna í Ameríku þarf maður náttúrlega að borga reikninginn. Þegar hann kom var búið að strika út á honum 150 dollara sem kostaði að umskera. Ég losnaði sem sagt þarna við að borga 150 dollara með því að neita að strákurinn yrði umskorinn,“ segir Valgeir og sér síður en svo eftir ákvörðuninni.

„Síðan þá hefur sonur minn verið mér mjög þakklátur fyrir að hafa ekki látið umskera hann. Og ég var dálítið hissa á því að meira að segja kærasta hans þakkaði mér fyrir það líka – bara upp úr þurru,“ segir Valgeir sem býr nú á Siglufirði en sonur hans og tengdadóttir hins vegar í Pensacola í Flórída.

Frumvarp Silju Daggar Gunnarsdóttur og átta annarra þingmanna um bann við umskurði á Íslandi nema af læknisfræðilegri nauðsyn hefur vakið mikla athygli út fyrir landsteinana og hér innanlands. Frumvarpið verður vísast ekki afgreitt fyrir sumarhlé á Alþingi heldur vísað frá allsherjarnefnd þingsins til ríkisstjórnarinnar.

Valgeir segir að halda þurfi málinu á lofti. „Þessi kjarklausa ríkisstjórn kemur varla til með að gera nokkurn skapaðan hlut. Mér finnst þetta bara hræðilegt. Ég tala nú ekki um þegar maður heyrði í biskupnum – þá fannst manni it alveg öll sund lokuð,“ segir Valgeir.

Þarna vísar Valgeir til þess að Agnes M. Sigurðardóttir, biskup þjóðkirkjunnar, hefur sent Alþingi neikvæða umsögn um hugsanlegt umskurðarbann. Það gerir Agnes á þeim forsendum að bann myndi skapa hættu á því að gera íslam og gyðingdóm að glæpsamlegum trúarbrögðum hérlendis.

Meðal þeirra sem lýsa ánægju með umskurðarbannið eru rúmlega 400 íslenskir læknar sem segja umskurð drengja ganga gegn Genfaryfirlýsingu lækna.

gar@frettabladid.is


Kringlan
30 ára
3.–7. MAÍ
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
OPIÐ
10–21
ALLA FIMMTUDAGA
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

# Bretar vilja framlengt leyfi frá Íslendingum til gullleitar í SS Minden

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Breska fyrirtækið Advanced Marine Services hefur óskað eftir því að fá framlengingu á leyfi sem fyrirtækið hafði frá Umhverfisstofnun á Íslandi til að rjúfa gat á þýska togarann SS Minden á hafsbotni djúpt undan landinu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í fyrradag rann starfsleyfi AMS út 30. apríl. Fyrirtækið fékk leyfið hjá Umhverfisstofnun í október í fyrra til að skera gat á SS Minden og fjarlægja þaðan skáp sem er í póstherbergi þýska togarans. Telur AMS að gull sé í skápnum. Miðað við stærð skápsins gæti hann rúmað gull sem væri að andvirði yfir tíu milljarða króna.



Áhöfn SS Minden sökkti skipinu viljandi í september 1939 til að koma í veg fyrir að það félli í hendur breskra herskipa sem sóttu að Þjóðverjunum á upphafsdögum heimsstyrjaldarinnar síðari.

Flakið er á yfir 2,2 kílómetra dýpi og því talsverð tæknileg áskorun að ná umræddum skáp upp á yfirborðið. Vegna menguunarhættu þurftu fjársjóðsleitarmenn leyfi Umhverfisstofnunar til að eiga við skipsskrokkinn. Það var veitt eftir langa meðferð hjá stofnuninni og var takmarkað við 72 klukkustundir á tímabilinu fram til 30. apríl á þessu ári.

Útsendarar AMS fóru á staðinn yfir flakinu í nóvember í fyrra og hófu aðgerðir. Landhelgisgæslu Íslands barst hins vegar tilkynning, þegar leiðangursmenn höfðu notað liðlega helming þess tíma sem þeim var markaður, um að þeir myndu hverfa af vettvangi vegna veðurs. Engar fregnir bárust eftir það til íslenskra yfirvalda fyrr en nú í upphafi þessarar viku að AMS sótti um að leyfið yrði framlengt til 1. október á þessu ári.

„Tekin verður afstaða til erindisins sem allra fyrst,“ segir Agnar Bragi Bragason, lögfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Um viku áður en AMS fékk starfsleyfið hér í fyrrahaust sagði Fréttablaðið frá því að þýska skipafélagið Hapag-Lloyd hefði sent Umhverfisstofnun bréf og lýst eignarhaldi á SS Minden og öllu sem í því er. „Við getum staðfest að Hapag-Lloyd AG skrifaði bréf til Umhverfisstofnunar Íslands og til AMS og lýsti áhuga sínum á flaki SS Minden og eign sinni á hverjum þeim verðmætum sem þar gætu endurheimst,“ sagði Nils Haupt hjá þýska félaginu í svari til Fréttablaðsins.

AMS hefur sagst munu koma því sem finnst í hendur yfirvalda í Bretlandi sem muni skera úr um eignarhaldið samkvæmt þarlendum lögum. **– gar**

## Sindri kemur á föstudaginn

**LÖGREGLUMÁL** Sindri Þór Stefánsson, sem strauk frá Sogni í síðasta mánuði og flúði til Amsterdam, verður sendur aftur til Íslands á föstudag. Hann verður leiddur fyrir dómara við komuna til landsins þar sem tekin verður fyrir krafa lögreglunnar um gæsluvarðhald.

Þetta staðfestir Þorgils Þorgilsson, lögmaður Sindra, í samtali við Fréttablaðið. Sindri var handtekinn í Amsterdam í Hollandi eftir að gefin var út alþjóðleg handtökuskipun á hendur honum.

Embætti ríkislögreglustjóra mun sjá um flutninginn til Íslands. **– sks**



**Horft yfir borgina.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Tíu þúsund fleiri leigjendur

**HÚSNÆÐISMÁL** Leigjendur á Íslandi eru tíu þúsund fleiri í dag en fyrir sjö árum eða alls um 50 þúsund talsins. Þetta kom fram á fjölmennum fundi Íbúðalánasjóðs um leigumarkaðinn sem haldinn var í gær.

Þar kom líka fram að fólk í lægri tekjuhópum hér á landi greiðir hærra hlutfall ráðstöfunartekna sinna í húsaleigu en sömu tekjuhópar á Norðurlöndunum. Þessi hópur greiðir um helming launa sinna eftir skatt í húsaleigu.

Ný könnun sýnir að leigumarkaðurinn minnki ekki í bráð. **– jhh**

# Starfsmönnum Hörpu var gert að samþykkja launalækkun

**Reiði er meðal starfsmanna Hörpu vegna launahækkunar forstjóra í fyrra. Þjónustufulltrúar þurftu að taka á sig verulega launalækkun í lok síðasta árs vegna slæmrar stöðu félagsins. Leituðu til lögfræðinga VR vegna þessa. Þjónustufulltrúinn Örvar Blær Guðmundsson sagði upp í gær eftir að hafa lesið frétt Fréttablaðsins.**

**KJARAMÁL** Þjónustufulltrúa í Hörpu ofbauð svo frétt af launahækkun forstjóra Hörpu í fyrra sem Fréttablaðið greindi frá í gær að hann fór rakleiðis og sagði upp. Ástæðan er að hann og samstarfsfólk hans neyddist til að taka á sig verulega launalækkun hjá Hörpu um áramótin.

„Ég veit ekki til þess að aðrir en þjónustufulltrúarnir hafi verið lækkaðir í launum, sem notabene eru lægst launuðu starfsmenn hússins,“ segir Örvar Blær Guðmundsson, námsmaður og fyrrverandi þjónustufulltrúi í Hörpu, sem sagði upp í gær. Hann segir starfsmenn verulega ósátta við að hafa verið stillt upp við vegg til að taka á sig launalækkun aðeins rúmum mánuði eftir að laun forstjórans voru hækkuð um rúm 20 prósent síðastliðið sumar.



**Aðeins rúmum mánuði eftir að stjórn Hörpu hækkaði laun forstjórans um 20 prósent var þjónustufulltrúum tilkynnt um launalækkun í hagræðingaraðgerðum. Einum þeirra blöskraði svo mikið að hann sagði upp.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Örvar segir að tilkynnt hafi verið um aðgerðirnar í lok september, en þær fólu í sér að tímakaup fyrir kvöld- og helgarvinnu átti að lækka um 12,7 prósent, en dagvinnutaxti um 21,4 prósent. Auk skerðingar á fjölda greiddra tíma fyrir útköll til vinnu. Lagður hafi verið fram nýr ráðningarsamningur fyrir starfsmenn til undirskriftar.

Örvar segir að tilboðið hafi vægast sagt lagst illa í fólk á þeim tíma og því hafi verið leitað til lögfræðinga stéttarfélagsins VR. „Við sögðum að þessi launalækkun væri ekki í lagi og reyndum að fara í eins hart og við gátum. Leituðum til VR og þá kom í ljós að það var eitthvað í samningnum sem ekki stóðst skoðun. Við lögðum fram móttilboð og Harpa kom eitthvað eilítið til móts við okkur en annars var þetta bara „take it or leave it“,“ segir Örvar.

Nýr samningur tók gildi í ársbyrjun 2018 en þar varð lendingin að yfirvinnukaup starfsmanns með árs starfsreynslu eða meira lækkaði um tæp 9 prósent og dagvinnutaxti um 17 prósent.

Örvar segir nokkra þjónustufulltrúa hafa sagt upp þá.

„Þetta er auðvitað þægileg vinna með skóla og flestir tóku nýja samningnum. Ekki með glöðu geði, en eftir að þessi frétt birtist, þá breytti það öllu. Ég er búinn að tala við krakkana sem eru að vinna með mér og það er mikil reiði meðal þeirra,“ segir Örvar.



**Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu.**

Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, segir að þjónustufulltrúum hafi áður verið greitt 40 prósenta álag umfram dagvinnutaxta kjarasamninga og 26 prósent á yfirvinnu, auk 4 tíma lágmarks óháð framlagi. Samningum þjónustufulltrúa hafi verið sagt upp með 4 mánaða fyrirvara síðastliðið haust. Í nýjum samningi sé nú greitt 15 prósent umfram kjarasamninga jafnt á dagvinnu og eftirvinnu og aðeins greitt 4 tíma lágmark um helgar en 3 í dagvinnu.

Hún staðfestir að aðrir starfsmenn hafi ekki sætt viðlíka launalækkunum, hvorki hún né aðrir stjórnendur. „En ég ítreka að þessi vinna er enn í fullum gangi og er engan veginn lokið.“ **mikael@frettabladid.is**


ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is



HÚSASMIÐJAN
blómaval
AUTHOR
Evrópskt gæðamerki
á ótrúlega góðu verði
TAX FREE
af ÖLLUM hjólum
Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti
Skoðaðu
úrvalið á husa.is
Barnahjól, fjallahjól,
götuhjól, cyclocross,
racerar og fleira
Er mosi
í grasinu?
Mold
10 ltr.
599kr
Mosatætari
1500W, breidd 32 cm, tætir,
rakar og safnar, stálblöð og
tindar, 4 stillingar 4-12 mm,
30 ltr., safnari.
5083612
13.995kr
Sjáðu
verðið!
Mosaeyðir
5 kg.
10205047
4.990kr
Kalkkorn
5 kg.
5087658
999kr
Graskorn
5 kg.
5087660
1.590kr
Sýpris
80-100 cm.
999 kr.
1.990 kr.
Hekkklippur
600W, 55 cm blað,
klippigeta 22 mm.
5083728
8.895kr
Byggjum á betra verði
KÍKTU Á TILBOÐIN
Í VEFVERSLUN HUSA.IS




FÖSTUDAGINN 4. MAÍ KL. 17-20

EVRÓPUDAGUR MATAR OG MENNINGAR

Við höldum Evrópudaginn hátíðlegan 4. maí í ár. Blásið verður til veislu og boðið upp á mat og drykk, tónlist og dans frá ýmsum löndum Evrópu.

Ísland er eitt allra nánasta samstarfsríki okkar og því ærið tilefni til að við fögnum evrópskri samvinnu saman! Sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi og ein 17 sendiráð ESB-landanna hafa því sameinast um að halda fjöruga hátíð kræsinga og menningar. **Veislan er öllum opin.**

Sendinefnd ESB á Íslandi




## Herflugvél brotlenti



C-130 Herkúles herflugvél brotlenti nærri Savanna Hilton Head alþjóðaflugvellinum í Port Wentworth í Georgíu í Bandaríkjunum í gær. Fimm manns eru sagðir hafa verið um borð í vélinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segir reynt að torvelda aðgang að upplýsingum

**Björn Leví Gunnarsson segir að svör stjórnvalda um ríkisábyrgð fyrir Vaðlaheiðargöng hafi alltaf verið misvísandi og hefur því óskað eftir öllum frumgögnum úr ráðuneytinu. Hann telur ríkisábyrgðina fara í bága við EES-samninginn.**

**STJÓRNSÝSLA** Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, telur fjármögnun Vaðlaheiðarganga fara í bága við EES-samninginn, meðal annars vegna ábyrgðargjalds sem ekki er innheimt af ríkisábyrgðinni eins og kveðið er á um í 6. grein laga um ríkisábyrgð.

Umræddu ákvæði var breytt árið 2011 til að bregðast við niðurstöðu ESA um að ríkisábyrgð sé aðeins heimil að því gefnu að hæfilegt ábyrgðargjald sé greitt fyrir hana sem svari að fullu til þeirrar ívilnunar sem viðkomandi nýtur í formi hagstæðari kjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar.

Vaðlaheiðargöng hf. greiddu hins vegar svokallað áhættugjald sem nam 0,6 prósentum af lánsfjárhæðinni og losnaði þar með undan ábyrgðargjaldinu eins og 7. grein laganna kveður á um.

Björn segir í samtali við Fréttablaðið að kanna þurfi hvað ráði því hverju sinni hvort ríkisábyrgðarþegar greiði áhættugjald eða ábyrgðargjald, en hann telur einsýnt að í tilviki Vaðlaheiðarganga hefði ábyrgðargjaldið orðið mun hærra en áhættugjaldið sem innheimt var hjá Vaðlaheiðargöngum hf.

Björn hefur ítrekað reynt að afla upplýsinga hjá stjórnvöldum til að varpa megi ljósi á málsmeðferðina í tengslum við veitingu ríkisábyrgðarinnar en segir svörin sem hann fái ævinlega hafa verið misvísandi. Hann ákvað því að hætta að óska eftir minnisblöðum og spyrja spurninga en kalla frekar eftir öllum gögnum sem til eru í fjármála- og efnahagsráðuneytinu um málið.



**Björn Leví Gunnarsson telst sennilega til forvitnari þingmanna kjörtímabilsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á fundi fjárlaganefndar 22. apríl síðastliðinn óskaði hann eftir því að nefndin fengi öll gögn frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um ríkisábyrgðina sem varpað gætu ljósi á aðdraganda þess að ábyrgðin var veitt, bæði ráðleggingar og samskipti sérfræðinga innan ráðuneytisins og milli aðila sem komu að málinu á einhvern hátt. Björn segir þó einhverrar tregðu gæta í fjárlaganefnd gagnvart þessari upplýsingabeiðni enda sé hún enn ekki farin til ráðuneytisins frá nefndinni, þrátt fyrir að tilskilinn fjöldi nefndarmanna hafi skrifað undir beiðnina.

„Það er allt gert til að koma í veg fyrir að það þurfi að afhenda þessi gögn. Ég er stöðugt að minna á að ég vilji fá þau en beiðnin er enn ekki farin til ráðuneytisins frá nefndinni," segir Björn en málið hefur verið til umræðu í nefndinni undanfarna daga. Björn kveður þá nefndarmenn sem standa að beiðninni ítrekað hafa verið spurða hvort þeir væru vissir um að þeir þyrftu og vildu þessi gögn og hvort ekki dygði að kalla eftir minnisblaði frá ráðuneytinu og nýju lögfræðiáliti.

Björn kvaðst hafa tekið hugmynd að lögfræðiáliti fagnandi og er hann þegar búinn að draga upp drög að ítarlegum spurningalista í 14 liðum fyrir það álit en vilji engu að síður fá hrágögnin úr ráðuneytinu enda lítið gagn að lögfræðiálitinu einu, enda þurfi hann ekki lagatúlkun heldur upplýsingar um framkvæmdina og feril málsins í ráðuneytinu.

Fyrrnefndur spurningalisti Björns Leví fylgir vefútgáfu fréttarinnar á frettabladid.is.

adalheidur@frettabladid.is

# GLAMGLOW
# x
# smashbox

## 15 mínútna dekur hjá Smashbox og Glamglow fimmtudag til laugardags í HAGKAUP KRINGLU

**Við bjóðum þér að prófa maskana sem slegið hafa í gegn á Íslandi og á meðan á dekrinu stendur færð þú létta augnförðun frá Smashbox.**

TAX FREE AFSLÁTTUR + 15% AUKA AFSLÁTTUR dagana 3. - 7. maí
af öllum Smashbox og Glamglow vörum í verslunum Hagkaups*.

TAXFREE AFSLÁTTUR + 15% AUKA-AFSLÁTTUR

**Verð: FRÍTT**

Athugið að nauðsynlegt er að bóka tíma. Tímabókanir fara fram á Facebook síðum merkjanna:

/smashboxiceland

/glamglowiceland







*Smashbox fæst í Hagkaup Smáralind og Kringlu
*Glamglow fæst í Hagkaup Smáralind, Kringlu og Garðabæ

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

# Meirihlutinn fallinn á Akureyri

**Oddvitar framboðanna á Akureyri eru um margt sammála um hver stóru málin séu á næsta kjörtímabili. Tryggja skuli leikskólapláss og efla atvinnulífið í bænum. Ný könnun bendir til að nýr meirihluti taki við.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



**AKUREYRI** Á Akureyri heyrir til undantekninga að sami meirihluti haldi velli og starfi í átta ár. Sama verður uppi á teningnum ef úrslit kosninganna í lok maí verða í samræmi við skoðanakönnun Fréttablaðsins og frettabladid.is. Eiríkur Björn Björgvinsson, sem var ráðinn ópólitískur bæjarstjóri, hefur enn fremur sagt að hann sækist ekki eftir því að verða bæjarstjóri næstu fjögur árin. Munu Akureyringar því að öllum líkindum fá nýjan meirihluta í vor auk nýs bæjarstjóra.

Sókn í atvinnumálum Eyfirðinga skiptir Akureyringa miklu máli og þar hefur oft á tíðum verið mikilvægt að raforkuflutningar verði tryggðir inn á svæðið. Nokkrir oddvitar töluðu um það hversu mikilvægt það væri að rödd Akureyrar heyrðist í umræðunni og að næsta bæjarstjórn yrði öflugur málsvari atvinnulífs á svæðinu.

Dagvistunarmál og málefni eldri borgara eru þau mál sem brenna á oddvitum flokkanna á Akureyri fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Á næsta kjörtímabili er mikilvægt að sækja fram á ýmsum sviðum en bæjarsjóður stendur ágætlega eftir uppgang í íslensku efnahagslífi síðustu árin.

Þrír flokkar mynda meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar, Samfylkingin, L-listi og Framsóknarflokkurinn, og hefur nokkuð mætt á þeim meirihluta. Umræður urðu um vanáætlaðar framkvæmdir, svo sem við endurbætur á sundlaugarsvæði Sundlaugar Akureyrar og uppbyggingu við Listasafnið á Akureyri, sem kostuðu að endingu meira en áætlað var í upphafi. Einnig var leikskólaplássum fækkað á kjörtímabilinu á tíma þegar vantaði leikskólapláss sem olli töluverðum titringi meðal fjölskyldufólks í bænum.

Allir oddvitar til bæjarstjórnar leggja áherslu á leikskólamál og að dagvistunarúrræði barna verði tryggð á Akureyri á næsta kjörtímabili með það að markmiði að brúa bil milli fæðingarorlofs foreldra og dagvistunar á Akureyri.

Fréttir birtust um að foreldrar ætluðu sér að flytja úr bæjarfélaginu þar sem þeir fengu ekki pláss fyrir börn sín í leikskólum. Umsóknum vegna barna sem fluttu til bæjarins fjölgaði mjög á skömmum tíma sem olli því að skortur varð á plássum.

Leikskólastjórnendur hafa rætt við bæjaryfirvöld um að þétt sé setið í leikskólum bæjarins þar sem reynt var að koma sem flestum börnum að síðasta haust.

Flugfélagið Super Break hóf millilandaflug til Akureyrar síðasta vetur með ágætum árangri og áætla forsvarsmenn fyrirtækisins að halda því áfram næsta vetur. Oddvitar framboðanna til sveitarstjórnarkosninga eru sammála um að það sé einnig eitt stóru málanna á næsta kjörtímabili að tryggja að Akureyrarflugvöllur sé í stakk búinn til að taka við millilandaflugi og þrýsta á hið opinbera að bæta aðstöðuna á vellinum. Aukin ferðaþjónusta á Akureyri kæmi sér vel fyrir bæjarsjóð og væri einnig þjóðhagslega hagkvæm.

### Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014

| Framboð | Hlutfall |
|---|---|
| Framsókn, 2 fulltrúar | 14,2% |
| Sjálfstæðisflokkur, 3 fulltrúar | 25,8% |
| L-listinn, 2 fulltrúar | 21,2% |
| Samfylkingin, 2 fulltrúar | 17,6% |
| Vinstri græn, 1 fulltrúi | 10,5% |
| Björt framtíð, 1 fulltrúi | 9,4% |

### Íbúar á Akureyri

**1. janúar 2014**
18.103

**1. janúar 2018**
18.787

**Skuldir á hvern íbúa**
1.293.260 kr.

**Skuldahlutfall nú***
106 %

**Skuldahlutfall árið 2014**
116%

*Samkvæmt síðasta samþykkta ársreikningi

### Framboðslistar á Akureyri

**Sjálfstæðisflokkurinn**
1. Gunnar Gíslason
2. Eva Hrund Einarsdóttir
3. Þórhallur Jónsson
4. Lára Halldóra Eiríksdóttir

**Vinstri græn**
1. Sóley Björk Stefánsdóttir
2. Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir
3. Edward H. Huijbens
4. Inga Elísabet Vésteinsdóttir

**Framsóknarflokkurinn**
1. Guðmundur Baldvin Guðmundsson
2. Ingibjörg Isaksen
3. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
4. Tryggvi Már Ingvarsson

**Samfylkingin**
1. Hilda Jana Gísladóttir
2. Dagbjört Pálsdóttir
3. Heimir Haraldsson
4. Unnar Jónsson

**Píratar**
1. Halldór Arason
2. Guðrún Ágústa Þórdísardóttir
3. Hans Jónsson
4. Sævar Þór Halldórsson

**L-listinn**
1. Halla Björk Reynisdóttir
2. Andri Teitsson
3. Hildur Betty Kristjánsdóttir
4. Þorgeir Finnsson

Šumarverð ŠKODA




ŠKODA

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

Kíktu á hekla.is/skodasumar og sjáðu öll sumartilboðin!

ŠKODA OCTAVIA OG FABIA Á SNILLDARLEGU SUMARTILBOÐI!

Nú bjóðum við takmarkað magn valdra bíla frá ŠKODA á frábæru tilboðsverði. Stundum þarf maður ekki að hugsa sig tvisvar um – gríptu þetta einstaka tækifæri og náðu þér í nýjan ŠKODA á snilldarverði. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is


BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
G-STAR RAW
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40% - 60%
afsláttur af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18 / laugardaga frá kl. 11 til 17 / sunnudaga frá 13 til 17 / Sími 568 9512 Suðurlandsbraut 54 / bláu húsin (við faxafen)

# Vendipunktur í verðbólguþróun

**Undanfarin fjögur ár hafa innfluttar vörur dregið niður verðlag hérlendis. Nú er gengi krónu hætt að styrkjast, olíuverð hefur hækkað um 43% á einu ári og verðbólga færist nær eðlilegu horfi í viðskiptalöndunum. Launahækkanir munu skila sér út í fasteignaverð.**

Margt bendir til að vendipunktur verði í ár varðandi verðbólguþróun. Undanfarin ár hefur verðhjöðnun verið flutt inn hingað til lands en nú má leiða líkur að því að dragi úr þeim áhrifum. Verðbólga er farin að færast nær eðlilegu horfi í viðskiptalöndunum og olíuverð hefur hækkað um rúmlega 40% á einu ári, mælt í dollurum. Þá er gengi krónu nú stöðugt en það styrktist verulega á undanförnum árum sem leiddi til hagstæðara innkaupsverðs. Þetta segir Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur fjárfestingabankans Kviku.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir að frá miðju ári 2014 hafi linnulaust innfluttar vörur dregið niður verðlag hérlendis. Áhrifin hafi verið mismikil, en þau hafi náð hámarki fyrir ári. „Það hefur riðið baggamuninn að við höfum ekki misst verðbólguna upp fyrir markmið Seðlabankans, sem er 2,5%, á sama tíma og húsnæðismarkaðurinn hefur verið á siglingu.“

Olíuverð á erlendum mörkuðum hefur hækkað um 43% á einu ári. Financial Times segir að á árunum 2014-2016 hafi byggst upp olíubirgðir, sem nú hefur verið gengið á vegna aukinna umsvifa í alþjóðlega hagkerfinu og að OPEC-ríkin og Rússland hafi dregið úr olíuframleiðslu sinni.



Olíuverð á erlendum mörkuðum hefur hækkað um 43% á einu ári. Mynd/EPA

Að sögn Jóns Bjarka á aukin samkeppni á eldsneytismarkaði væntanlega mikinn þátt í því að fram til þessa hafi eldsneytisverð ekki hækkað jafn mikið og alþjóðleg þróun gefi til kynna. Hann bendir á að hækkanir á eldsneyti geti haft meiri áhrif á verðlag en sem nemi einvörðungu hækkun á eldsneytisverði. „Fyrst hækkar verð á eldsneytisdælunum, það hefur oft vegið um 5-6% í verðbólgumælingum. Því næst hækka liðir sem eru næmir fyrir breytingum á eldsneytisverði eins og flugfargjöld. Loks hækkar flutnings- og framleiðslukostnaður á mörgum vörum. Hækkanir á eldsneyti koma fram býsna víða þótt það taki nokkurn tíma að ná fram að ganga.“

„Það hefur verið mikil spenna í hagkerfinu,“ segir Kristrún, „sem hingað til hefur ekki endurspeglast í aukinni verðbólgu. Verðbólga hefur oft þótt góður hitamælir á hagkerfið en svo hefur ekki verið undanfarin ár vegna þess að styrking krónu, lág verðbólga erlendis og aukin samkeppni frá erlendum aðilum, s.s. Costco og H&M, hefur vegið á móti hækkandi húsnæðisverði. Það hefði í raun verið eðlilegra að hér hefði mælst fjögur prósent verðbólga miðað við spennuna sem fylgdi miklum hagvexti undangenginna ára.

Undanfarin ár hefur fasteignaverð drifið áfram verðbólgu hérlendis. Sögulega hafa launahækkanir skilað sér út á fasteignamarkaðinn og sáum við skýr merki um það síðustu ár. Ef launaskrið heldur áfram að vera í kringum 7-8% gæti fasteignaverð allt eins haldið áfram að hækka um 8-10% á ári. Sérstaklega þar sem enn er skortur á húsnæði. Það sem mun halda aftur af hækkunum á húsnæðisverði eru takmarkanir á útlánavexti. Seðlabankinn vill koma í veg fyrir að vöxturinn verði hraður á ný, og vill halda eigin fé bankanna áfram háu meðal annars sem mótvægi við slíka þróun. Þá ætti að vera vilji meðal stóru viðskiptabankanna að draga úr einsleitni lánasafna sinna, sem hafa í miklum mæli einskorðast við fasteigna- og ferðaþjónustutengd lán. Báðir þættir geta haldið aftur af útlánavexti,“ segir Kristrún.

> **Það sem mun halda aftur af hækkunum á húsnæðisverði eru takmarkanir á útlánavexti.**
>
> Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka



Jón Bjarki segir að stóra spurningin um þróun verðlags á komandi fjórðungum verði sú hvort vegi þyngra, hækkun íbúðaverðs, sem farið er að hægjast á eða áhrif á innfluttri verðhjöðnun, sem sé að renna sitt skeið á enda og við taki hófleg hækkun þaðan. „Á næsta ári mun einnig koma í ljós með hvaða hætti kjarasamningar hafa áhrif á verðbólguþróun,“ segir hann. **helgivifill@frettabladid.is**

# Íslenska sprotafyrirtækið Videntifier gerir stóran samning við Facebook

Íslenska sprotafyrirtækið Videntifier hefur gert stóran samning við Facebook sem felst í því að Facebook kaupir afnot af hugbúnaði og tækni sem fyrirtækið hefur þróað undanfarinn áratug. Fram kemur í tilkynningu að samningurinn marki tímamót í sögu Videntifier vegna umtalsverðra tekna sem honum fylgja og eins þeirrar viðurkenningar að stærsti samfélagsmiðill heims hyggist nýta sér tækni fyrirtækisins.

Videntifier var stofnað 2008 til að hagnýta byltingarkennda tækni sem þróuð var í Háskólanum í Reykjavík. Með tækninni geta tölvur borið kennsl á flókið myndefni, bæði kyrrmyndir og kvikmyndir, óháð framsetningu og breytingum. Tæknin var þróuð af lykilstofnendum fyrirtækisins, Herwig Lejsek og Friðriki Ásmundssyni, í samstarfi við Björn Þór Jónsson, dósent við HR, og fleiri.

„Þessi samningur er mikil viðurkenning á þeirri tækni sem við höfum verið að þróa síðustu 10 ár,“ segir Herwig Lejsek, framkvæmdastjóri Videntifier.

HR var einn af stofnaðilum Videntifier og hefur Ari Kristinn Jónsson, rektor skólans, verið stjórnarformaður fyrirtækisins frá stofnun. Hann segir þennan áfanga „gott dæmi um hversu mikil tækifæri og verðmæti er hægt að skapa á grunni hugvits hér á Íslandi, en það mun skipta Ísland öllu til framtíðar að hafa mannauð og umhverfi sem skila svona áföngum miklu oftar.“



Ari Kristinn Jónsson, stjórnarformaður Videntifier.

> **Þessi samningur er mikil viðurkenning á þeirri tækni sem við höfum verið að þróa síðustu 10 ár.**
>
> Herwig Lejsek, framkvæmdastjóri Videntifier

> **148**
>
> **milljónir króna voru tekjur Videntifier á árinu 2016.**

Interpol er stærsti viðskiptavinur Videntifier og flestir viðskiptavinir eru stofnanir sem sinna löggæslu- og eftirlitsstörfum. Hjá þessum aðilum er tæknin notuð til að bera kennsl á ólöglegt myndefni.

Tekjur Videntifier námu 148 milljónum króna á árinu 2016 og jukust þá um 60 prósent frá fyrra ári. Rekstrartap félagsins var tæplega tvær milljónir. Stærsti hluthafi Videntifier í árslok 2016 var Ingi Guðjónsson, fjárfestir og einn eigenda Lyfju, en aðrir helstu hluthafar eru Herwig, Friðrik og HR. – **hae**

UMHVERFIS STOFNUN

# Ársfundur Umhverfisstofnunar 2018

Föstudaginn 4. maí á Grand Hótel. Yfirskrift fundarins er: **Hvernig verður stefna að veruleika?** – raunhæfar leiðir til árangurs

Aðalfyrirlesari er **Björn Risinger**, forstjóri Umhverfisstofnunar Svíþjóðar.

**Dagskrá fundarins**

**8:30** Morgunverður í boði Umhverfisstofnunar

**09:00** Setning ársfundar

- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra flytur ávarp.
- Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar: **„Þetta reddast – en þó ekki af sjálfu sér“**
- Björn Risinger forstjóri Umhverfisstofnunar Svíþjóðar: **„From Environmental quality objectives to real results: A case study on nature protection“**
- Sérfræðingar Umhverfisstofnunar flytja ýmis erindi tengd markmiðum og yfirskrift ráðstefnunnar

**11:00** Lok ársfundar

Fundarstjóri er Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Hægt er að fylgjast með fundinum í rauntíma á umhverfisstofnun.is eða skoða upptöku síðar.



Björn Risinger, forstjóri Umhverfisstofnunar Svíþjóðar



Kristín Linda Árnadóttir, forstóri Umhverfisstofnunar



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra

**Umhverfisstofnun hvetur gesti til að ferðast á fundinn með vistvænum hætti.**



# ÚRVAL AF GLÆSILEGUM NOTUÐUM BÍLUM






**LAND ROVER Discovery Sport** Nýskr. 06/17
Ekinn 7 þ.km, dísil, sjálfskiptur
Rnr. 430063
VERÐ: **7.690 þús. kr.**



**BMW** Nýskr. 01/15
**2 218d Active Tourer**

Ekinn 30 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**3.390 þús. kr.**
Rnr. 145019



**VW** Nýskr. 07/16
**GOLF GTi Clubsport**

Ekinn 9 þ.km
Bensín
Sjálfskiptur

VERÐ:
**5.990 þús. kr.**
Rnr. 192636

Lykill fjármögnun

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

# ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS



**RENAULT** Nýskr. 04/15
**Captur Dynamic**

Ekinn 68 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**2.190 þús. kr.**
Rnr. 391068



**HONDA** Nýskr. 03/16
**CRV Executive**

Ekinn 72 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**4.490 þús. kr.**
Rnr. 121431



**SUBARU** Nýskr. 07/17
**Outback Premium**

Ekinn 22 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**5.290 þús. kr.**
Rnr. 153158



**RENAULT** Nýskr. 09/16
**Clio Expression**

Ekinn 10 þ.km
Bensín
Beinskiptur

VERÐ:
**2.090 þús. kr.**
Rnr. 144296



**NISSAN** Nýskr. 08/17
**X-Trail Acenta**

Ekinn 5 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**4.890 þús. kr.**
Rnr. 284850



**RENAULT** Nýskr. 06/16
**Megane Zen**

Ekinn 21 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**2.690 þús. kr.**
Rnr. 331158



**NISSAN** Nýskr. 09/14
**Qashqai Acenta 2wd**

Ekinn 75 þ.km
Dísil
Beinskiptur

VERÐ:
**2.150 þús. kr.**
Rnr. 284894



**HYUNDAI** Nýskr. 03/17
**Tucson Premium**

Ekinn 17 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**5.490 þús. kr.**
Rnr. 430050



**RENAULT** Nýskr. 04/17
**Kadjar Bose 2wd**

Ekinn 15 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**3.890 þús. kr.**
Rnr. 430047



**BMW** Nýskr. 06/14
**X3 Xdrive20d M**

Ekinn 56 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**4.990 þús. kr.**
Rnr. 390867

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.

ENNEMM / SÍA / NM88040

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 og**
**á laugardögum frá kl. 12–16.**

**bílaland**

# Enn skekur mótmælaaldan Armeníu

**Tugir þúsunda hafa mótmælt ríkisstjórn Armeníu í tæpar þrjár vikur. Hröktu forsætisráðherrann í burtu en fengu sinn mann ekki inn í staðinn. Mótmælin í gær, eftir að þingið hafnaði því að gera Níkol Pasjinjan, leiðtoga mótmælenda, að forsætisráðherra, voru hörð.**



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

**ARMENÍA** Öllum stofnbrautum var lokað, lestarsamgöngur lágu niðri og heróp mótmælenda heyrðust um alla Jerevan, höfuðborg Armeníu, í gær þegar mótmælendur héldu áfram háværum mótmælum sínum gegn ríkisstjórn Repúblikana. Með þessum hætti brugðust mótmælendur við kalli Níkols Pasjinjan, leiðtoga armensku stjórnarandstöðunnar og Yelk-bandalagsins, þriðja stærsta flokks armenskra stjórnmála.

Mótmælin brutust út stuttu áður en Repúblikanar, sem eru í meirihluta á armenska þinginu, skipuðu Sersj Sargsjan í embætti forsætisráðherra 17. apríl. Reyndu mótmælendur að koma í veg fyrir að þingfundur yrði settur en allt kom fyrir ekki.

Sargsjan hafði verið forseti Armeníu frá 2008 og allt þar til 9. apríl síðastliðinn. Andstaða mótmælenda við hann nú byggist á meintri linkind hans gagnvart spillingu, vináttu við rússnesk stjórnvöld og lengd stjórnartíðar hans. Árið 2015 samþykktu Armenar í þjóðaratkvæðagreiðslu að færa völdin frá forseta og í forsætisráðuneytið. Lofaði Sargsjan á þeim tíma að reyna ekki að verða forsætisráðherra.

Ljóst er að Rússar fylgjast náið með gangi mála. Ríkisstjórn Vladímírs Pútín forseta telur Armeníu mikilvægan bandamann en ríkið liggur á milli Atlantshafsbandalagsaðildarríkisins Tyrklands og hins orkuríka Aserbaídsjans.

Pasjinjan er leiðtogi mótmælenda. Þegar mótmælin náðu nýjum hápunkti, 21. apríl, og 50.000 mótmæltu í höfuðborginni, kallaði Sargsjan hann á sinn fund. Degi síðar funduðu mennirnir í heilar þrjár mínútur áður en Sargsjan stormaði út og sakaði stjórnarandstæðinga um að kúga sig.

Stuðningur við Pasjinjan jókst síðar um daginn þegar lögregla handtók Pasjinjan, tvo aðra þingmenn og hundruð almennra mótmælenda. Sargsjan sagði svo af sér strax daginn eftir.



**Mótmælendur lokuðu meðal annars öllum helstu stofnbrautum í höfuðborginni Jerevan í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Mótmælin beindust upphaflega gegn Sersj Sargsjan, þá verðandi forsætisráðherra, en kröfurnar eru nú orðnar fleiri.**

Eftir afsögn Sargsjans hefur kröfum mótmælenda fjölgað. Þeir krefjast kosninga hið snarasta, vilja Repúblikana frá völdum og Pasjinjan í forsætisráðuneytið fram að kosningum. Repúblikanar höfðu ekki fallist á hinar nýju kröfur mótmælenda þegar þessi frétt var skrifuð.

Eins og áður segir kallaði Pasjinjan eftir mótmælum og þeirri borgaralegu óhlýðni sem átti sér stað í gær. Það gerði hann á þriðjudag eftir að hann náði ekki að tryggja sér meirihluta atkvæða á þinginu þegar gengið var til atkvæðagreiðslu um skipan hans í forsætisráðuneytið.

Fór svo að 45 þingmenn af 105 greiddu atkvæði með skipan Pasjinjans. Hann hefði þurft á stuðningi þingmanna Repúblikana að halda en fékk ekki. Repúblikanar buðu hins vegar ekki fram forsætisráðherraefni sjálfir á þingfundinum.

Nú hefur þingið fimm daga til að finna ný forsætisráðherraefni til að greiða atkvæði um. Takist ekki að skipa forsætisráðherra að fimm dögum liðnum þarf að rjúfa þing og boða til kosninga.

Mótmælin í gær voru umfangsmikil. Mótmælt var víðar en í Jerevan, til að mynda í Gjumrí og Vanadsor. Í viðtali við BBC í gær sagði Pasjinjan að baráttan snerist ekki um að gera hann að forsætisráðherra. „Við berjumst fyrir mannréttindum, fyrir lýðræði, lögum og reglu. Þess vegna erum við ekki orðin þreytt og þess vegna munum við aldrei þreytast.“

Karen Karapetjan, Repúblikani sem hefur verið starfandi forsætisráðherra frá því Sargsjan sagði af sér, kallaði í gær eftir því að helstu stjórnmálaöfl kæmu að viðræðuborðinu til þess að leysa krísuna sem ríkir í landinu. „Við sjáum það öll að það er þörf á öguðum, faglegum og snörum vinnubrögðum til að leysa þessa deilu, óháð því hversu erfitt það gæti reynst,“ sagði í yfirlýsingu frá Karapetjan í gær.

## Hver er þessi Pasjinjan?

Níkol Pasjinjan hefur verið gagnrýninn á armensk stjórnvöld í 23 ár.

Þessi 42 ára Armeni vakti mikla athygli þegar hann leiddi mótmæli eftir að Sargsjan náði fyrst kjöri til forseta árið 2008. Mótmælin urðu ofbeldisfull og kostuðu tíu lífið. Eftir þau fór Pasjinjan í felur í ár áður en hann gaf sig fram og var ákærður fyrir morð. Honum var hins vegar veitt friðhelgi árið 2011. Hann leiddi mótmæli á ný og var kominn inn á þing ári seinna.

Málflutningur Pasjinjans í gegnum tíðina hefur verið skýr. Lýðræðið í Armeníu er gallað, stjórnmálin eru spillt.



**Níkol Pasjinjan.** NORDICPHOTOS/AFP

En hver er stuðningurinn við Pasjinjan? Sargsjan sagði, degi áður en hann hrökklaðist frá völdum, að Pasjinjan gæti ekki talað máli þjóðarinnar. Benti á að flokkur hans, Yelk-bandalagið, hefði níu þingsæti af 105.

Erfitt er að fullyrða um slíkt, enda fann Fréttablaðið engar skoðanakannanir gerðar eftir að mótmælin hófust. Hins vegar kom fram í könnun sem Gallup gerði í mars að einungis fjórðungur Armena treysti ríkisstjórninni. Álíka margir treystu þó andstöðunni.

Ljóst er hins vegar að tugir þúsunda, jafnvel hundruð þúsunda, hafa tekið þátt í mótmælum Pasjinjans. Þá hefur stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Farsæl Armenía með 31 þingsæti, fylkt sér að baki Pasjinjans.



# Stefnir í spennandi kosningar í Tyrklandi

**TYRKLAND** Fjórir tyrkneskir stjórnarandstöðuflokkar komust í gær að samkomulagi um að mynda kosningabandalag og bjóða saman fram í þingkosningunum sem fara fram 24. júní næstkomandi.

Lýðveldisflokkurinn (CHP), Góði flokkurinn, Hamingjuflokkurinn og Demókratar mynda bandalagið en CHP er stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn á yfirstandandi þingi. Hefur 116 af 550 samanborið við 316 sæti Réttlætis- og þróunarflokks (AKP) Receps Tayyip Erdoğan forseta.

**Fjórir stjórnarandstöðuflokkar, þar af tveir stærstu, munu bjóða fram saman í þingkosningunum í júní.**

Miðað við skoðanakannanir er óljóst hvort menn Erdoğans haldi meirihluta sínum á þinginu. Kosningabandalag undir forystu AKP mældist með 44,2 prósenta fylgi í könnun sem PIAR gerði á þriðjudag. Hins vegar mældust CHP og Góði flokkurinn með 40,9 prósent samanlagt á meðan fylgi Hamingjuflokksins og Demókrata var talið með öðrum flokkum.

Um er að ræða fyrstu kosningarnar frá því Tyrkir samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu að færa völdin frá forsætisráðherra til forseta. Forsetakosningar fara fram samhliða þingkosningum. Erdoğan mælist með tæplega tvöfalt meiri stuðning en næstvinsælasti frambjóðandinn, Meral Akşener úr Góða flokknum. – þea



Tyrkir ganga að kjörborðinu í júní næstkomandi. NORDICPHOTOS/AFP


Emmanuel Macron, forseti Frakklands. NORDICPHOTOS/AFP

## Macron sagði ráðherrafrúna vera gómsæta

**ÁSTRALÍA** Enskan brást Emmanuel Macron, forseta Frakklands, á blaðamannafundi sem hann hélt með Malcolm Turnbull, forsætisráðherra Ástralíu, í gær. Macron hafði verið í opinberri heimsókn þar í landi og höfðu leiðtogarnir einna helst rætt um loftslagsbreytingar og varnarmál.

„Ég vildi þakka þér og gómsætri (e. delicious) eiginkonu þinni fyrir að taka vel á móti okkur og halda utan um þessa heimsókn,“ sagði Macron, sem þykir almennt tala afar góða ensku. Sást það vel þegar hann hélt ræðu fyrir bandaríska þingmenn fyrir mánaðamót.

BBC útskýrði misskilninginn síðar í gær og sagði hann trúlega byggjast á því að franska orðið „délicieux“ sé bæði hægt að nota til að lýsa bragðgóðri máltíð og einhverju yndislegu. Macron valdi sem sagt vitlausa þýðingu, sagði „delicious“ í stað þess að segja til dæmis „delightful“. – þea


Moe Yan Naing lögreglustjóri. NORDICPHOTOS/AFP

## Framburðurinn áreiðanlegur

**MJANMAR** Dómari í máli gegn Reuters-blaðamönnunum Wa Lone og Kyaw Soe Oo í Mjanmar sagðist í gær meta framburð lögreglustjórans Moe Yan Naing sem áreiðanlegan. Naing kom fyrir dóm í apríl og sagði frá því þegar annar lögreglustjóri skipaði undirmönnum sínum að leiða blaðamennina í gildru.

Blaðamennirnir höfðu fjallað um þjóðernishreinsanir á Róhingjum í Rakhine-héraði þegar lögreglumaður bauðst til að hitta þá og afhenda þeim upplýsingar. Fundurinn reyndist gildra og voru þeir handteknir og hafa í dag verið í fangelsi í 143 daga.

Naing var í síðustu viku dæmdur í árs fangelsi fyrir að brjóta gegn agareglum lögreglu. Dómarinn í málinu sagði í gær að Naing þyrfti að koma aftur fyrir dóm þann 9. maí næstkomandi svo hægt væri að spyrja hann frekar út í málið. – þea




ENNEMM / SÍA / NM85275

Við tökum vel á móti ykkur í glæsilegri búð
með góðu vöruúrvali.

vinbudin.is

VÍNBÚÐIN

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Ill nauðsyn



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Þökk sé uppgötvun þinni munu kynslóðir framtíðarinnar aðeins hafa kynni af hinni ógeðfelldu bólusótt í gegnum venjur fyrri alda.“ Þetta ritaði Thomas Jefferson árið 1806, þá forseti Bandaríkjanna, í bréfi til enska vísindamannsins Edwards Jenner. Seint á 18. öld ruddi Jenner brautina fyrir eina af grunnforsendum nútíma heilbrigðisþjónustu þegar hann þróaði fyrsta bóluefnið. Hundrað og sjötíu árum eftir að þakkarbréf Jeffersons barst Jenner lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) því yfir að bólusótt, einni hörmulegustu pest mannkynssögunnar, hefði verið útrýmt.

Þó svo að gjöf Jenners hafi verið mikilvæg þá var það ekki aðeins uppgötvun hans sem leiddi til sigurs yfir bólusóttarveirunni, heldur var það grettistak alþjóðasamfélagsins, undir merkjum WHO, sem varð til þess að endanlegt markmið um útrýmingu náðist. Sama hversu öflugt bóluefnið er þá er sjálf bólusetningin lykilatriði.

Því miður er það svo að lítill skilningur á bólusetningum, ásamt útbreiðslu villandi upplýsinga um þær, litlu trausti til sjúkrastofnana og vandræða við framkvæmd og skráningu, hefur valdið því að hlutfall þeirra sem fara í bólusetningu hér á landi og víðar hefur farið niður á við undanfarin ár. Árið 2017 greindust 22 þúsund tilfelli af mislingum í Evrópu. Síðasta ár var metár í þessum efnum. Á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs eru staðfest smit í Evrópu ellefu þúsund.

Í dag er staðan sú að í mörgum löndum er bólusetningarhlutfall komið niður fyrir 95 prósent, sem er viðmið WHO. Hér á Íslandi erum við einnig komin niður fyrir viðmiðunarmörk bólusetninga hjá börnum milli 12 mánaða og fjögurra ára.

Það sem er í húfi er ekkert annað en framtíðarvelferð þess samfélags sem við höfum tekið höndum saman um að skapa og rækta. Linkind gagnvart þeim sem vanrækja bólusetningar á ekki að líðast. Á undanförnum misserum hafa yfirvöld á Ítalíu og í Frakklandi, af illri nauðsyn, innleitt reglur sem skylda fólk í bólusetningar.

Það að tryggja ásættanlegt hlutfall bólusettra með löggjöf eða reglugerðarbreytingum hefur ekkert með val einstaklingsins að gera, heldur heildarhagsmuni samfélagsins með tilliti til hjarðónæmis og þeirra sem veikir eru fyrir.

Eins og Thomas Jefferson gerði sér grein fyrir hefur skilvirk bólusetning jákvæð áhrif til skemmri og lengri tíma. Minnkandi þátttaka í bólusetningum er ekki nýtt fyrirbæri. Því þarf að efla það góða starf sem þegar hefur verið unnið og tryggja að fólk mæti í bólusetningu og að framkvæmd og umgjörð hennar sé eins og best verður á kosið.

**Í dag er staðan sú að í mörgum löndum er bólusetningarhlutfall komið niður fyrir 95 prósent, sem er viðmið WHO.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Úr sveit í borg**
**Í gær var birt á vef Ríkisendurskoðunar úrdráttur úr uppgjöri vegna þátttöku Eyþórs Arnalds í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Kemur þar meðal annars fram að Eyþór lagði milljón króna til úr eigin vasa og að afkoma framboðsins var neikvæð um 1.500 þúsund krónur. Þar kemur einnig fram að Mjólkursamsalan og Kaupfélag Skagfirðinga, sem er einn eigenda Mjólkursamsölunnar, styrktu framboðið um 200 þúsund krónur hvor aðili. Bæði fyrirtækin eru að sjálfsögðu þekkt fyrir að vilja hag borgarinnar og borgarbúa sem allra mestan.**

**Frjór Kópavogur**
**Kosningabaráttan í Kópavogi er farin á fullt líkt og í flestum öðrum sveitarfélögum. Kosningabaráttan þar gefur ástæðu til að kanna hvort það sé eitthvað í vatninu í þeim bæ sem geri það að verkum að fólk verður of einsleitt eða byrjar að hugsa á sama hátt. Svo háttar nefnilega til að Sjálfstæðisflokkurinn og sameiginlegt framboð Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hafa bæði valið að keyra á slagorðinu „Kópavogur til framtíðar“. Mögulega gætu dreggjar síðustu ríkisstjórnar þó spilað þar inn í.**

**joli@frettabladid.is**

## Snjallborgin Reykjavík



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Í dag stendur Reykjavíkurborg fyrir ráðstefnu um snjallborgina Reykjavík í Hörpu. Á undanförnum árum höfum við lagt mikla áherslu á að nýta tækni í þjónustu við íbúa borgarinnar. Við fengum framsæknar tillögur úr starfshópi um snjallborgina Reykjavík, höfum starfað mikið með Cisco um að Reykjavík verði tilraunasvæði snjallborgar, Vodafone er samstarfsaðili okkar um snjallvæðingu Klambratúns og við höfum gert samninga við fyrirtæki í velferðarmálum sem mun bæta þjónustu við eldri borgara með nýrri velferðartækni. Allt er þetta hluti af snjallborginni Reykjavík sem er nokkurs konar samheiti yfir nýjar hugmyndir um viðfangsefni í borgarrekstri.

**Aukin lífsgæði, betri þjónusta og tæknibreytingar**
Reykjavík starfar í nýstárlegu landslagi sífellt örari tækniframfara og samfélagsbreytinga sem umbylta viðteknum venjum og gömlum gildum. Þar er mikilvægt að muna að Reykjavík er líka staðsett í samkeppnisumhverfi norrænna og evrópskra borga sem keppast um að laða til sín fólk. Nýleg úttekt Norrænu ráðherranefndarinnar leiddi í ljós að Reykjavík er að hækka verulega í samkeppnishæfni og lífsgæðum samanborið við helstu svæði á Norðurlöndum.

**Ljósleiðaravæðingin**
Það sem gerir Reykjavík að einstökum stað til snjallborgarvæðingar er að nú þegar höfum við ljósleiðaravætt allt höfuðborgarsvæðið sem hefur skilað okkur í fremstu röð snjallborga. Við búum við græna orku, tæknilæsi hér er mikið og fólkið okkar er vel menntað. Reykjavík hefur náð árangri sem hefur vakið mikla athygli erlendis við þróun þátttökulýðræðis og Reykjavík hefur alla burði til að gera hið sama sem snjallborg.

**Fólk frekar en tæki**
Á ráðstefnunni í Hörpu í dag gefst okkur tækifæri til að fá innsýn í snjallborgina Reykjavík og á hvaða leið við erum – en um leið heyra um það sem er efst á baugi í lausnum og framtíðarsýn á þau verkefni sem allar nútímaborgir eru að kljást við í dag.

**Reykjavík hefur náð árangri sem hefur vakið mikla athygli erlendis við þróun þátttökulýðræðis og Reykjavík hefur alla burði til að gera hið sama sem snjallborg.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Bollívúdd og Nollívúdd

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Heimurinn hefur breytzt. Árin eftir heimsstyrjöldina síðari voru Bandaríkin allsráðandi að heita má, þau voru hálfur heimurinn. Landsframleiðsla Bandaríkjanna var næstum helmingurinn af framleiðslu alls heimsins eða 40% 1960 þótt Bandaríkjamenn teldu þá aðeins 6% af heildarmannfjölda heimsins. Nú er landsframleiðsla Bandaríkjanna komin niður í fjórðung af heimsframleiðslunni og tæpan sjöttung (15%) ef miðað er við kaupmátt framleiðslunnar. Hlutdeild Bandaríkjanna í mannfjölda heimsins er nú 4%.

Allt er þetta eðlilegt eins og ráða má af því að Indland og Kína eru nú einnig orðin að stórveldum, hvort á sína vísu. Samanlögð hlutdeild Indlands og Kína í heimsframleiðslunni var 7% 1960 þótt meira en þriðjungur mannkyns byggi þar þá eins og nú. Risarnir tveir í austri eru glaðvaknaðir. Samanlagt framlag þeirra til heimsframleiðslunnar er komið upp í 18% af heildinni og 23% ef miðað er við kaupmátt framleiðslunnar. Landsframleiðsla Kína var innan við fimmtungur af landsframleiðslu Bandaríkjanna 1990 miðað við kaupmátt, sigldi fram úr Bandaríkjunum 2013 og stefnir nú í að verða helmingi meiri en þar 2020. En þar eð Kínverjar eru rösklega fjórum sinnum fleiri en Bandaríkjamenn verður landsframleiðsla á mann miðað við kaupmátt þar austur frá þó ekki nema röskur þriðjungur af framleiðslu á mann í Bandaríkjunum 2020 ef svo fer sem horfir. Kínverjar eiga ennþá langt í land.

**Rosling lagði nokkrar svona spurningar fyrir allmarga leiðtoga heimsins og viðskiptalífsins á ársfundi þeirra í Davos í Sviss fyrir nokkru. Þegar hann hafði farið yfir svörin gat hann sagt þeim að simpansar myndu hafa staðið sig betur á prófinu. Hann átti við að blindar ágizkanir, ólitaðar af fordómum, hefðu skilað fleiri réttum svörum.**

### Heimur batnandi fer

Sænski lýðheilsufræðiprófessorinn Hans Rosling sem lézt í fyrra þreyttist aldrei á að minna menn á að heimurinn hefur ekki bara breytzt heldur hefur hann tekið stórstígum framförum. Mörg okkar gera sér ekki fulla grein fyrir þessu af ýmsum ástæðum eins og Rosling rekur í bók sinni Factfulness sem var að koma út. Við höldum t.d. mörg að hamfarir og hryðjuverk séu miklu algengari en raun ber vitni um þar eð við heyrum svo margar fréttir af slíkum hörmungum og hræðumst þær. Framför heimsins vekur minni eftirtekt og ótta.

Rosling tekur mörg dæmi til að hreyfa við lesendum sínum. Hann spyr:

- Veiztu hversu hátt hlutfall allra íbúa heimsins býr í lágtekjulöndum og þarf að láta sér nægja 200 krónur á mann á dag skv. mælingum Alþjóðabankans? Rétt svar er 9%, miklu lægra hlutfall en flestir gera sér í hugarlund. Flest fólk býr nú orðið í miðlungstekjulöndum.
- Veiztu hversu meðalævi allra íbúa heimsins er löng? Rétt svar er 72 ár, mun hærri tala en flestir halda. Meðalævi Kínverja er komin upp í 76 ár, Indverja 69 ár og Afríku sunnan Sahara 60 ár líkt og var hér heima árin fyrir stríð.
- Veiztu hversu hátt hlutfall barna heimsins fær bólusetningu nú orðið? Rétt svar er 88%.
- Veiztu hversu hátt hlutfall heimsbyggðarinnar hefur aðgang að rafmagni? Rétt svar er 80%.

Rosling lagði nokkrar svona spurningar fyrir allmarga leiðtoga heimsins og viðskiptalífsins á ársfundi þeirra í Davos í Sviss fyrir nokkru. Þegar hann hafði farið yfir svörin gat hann sagt þeim að simpansar myndu hafa staðið sig betur á prófinu. Hann átti við að blindar ágizkanir, ólitaðar af fordómum, hefðu skilað fleiri réttum svörum.

### Nýtt landslag, nýir landvinningar

Þessar tölur og margar aðrar vitna um gerbreytt landslag heimsins, ekki aðeins í efnahags- og heilbrigðismálum heldur einnig á öðrum sviðum. Kaninn var á fyrri tíð allsráðandi í bílabransanum og bíóbransanum en það er hann ekki lengur. Asískir bílar eru nú algengari en amerískir bílar á Íslandi og annars staðar í Evrópu. Bandaríkin eru komin niður í þriðja sætið á listanum yfir þau lönd þar sem flestar kvikmyndir eru framleiddar. Í efsta sætinu er Indland með 2.000 kvikmyndir í fyrra, þar af eina mynd á dag allt árið í Bollívúdd sem er samheiti á kvikmyndaverunum í Bombay sem heitir nú Múmbaí. Í öðru sæti listans er Nígería þar sem ein milljón manna vinnur nú við kvikmyndagerð. Nollívúdd-myndir seljast nú eins og heitar lummur um alla Afríku og víðar. Sé löndum raðað eftir hagnaði af kvikmyndagerð eru Bandaríkin enn í forustu og á eftir koma Kína, Bretland, Japan, Indland, Frakkland og Suður-Kórea. Takið eftir þessu: fjögur Asíulönd skipa 2., 4., 5. og 7. sæti listans.

Indverjar byrjuðu að búa til kvikmyndir um svipað leyti og Bandaríkjamenn, um og upp úr 1910 og hafa verið að æ síðan. Lengi vel höfðuðu indverskar myndir lítt til annarra en Indverja sjálfra, en það hefur breytzt. Margar indverskar myndir falla nú orðið vel að smekk útlendinga. Þessu veldur bæði mikil framför í indverskri kvikmyndagerð og meiri forvitni og víðsýni áhorfenda um allan heim. Síðustu ár hefur Aamir Khan gert hverja stórmyndina á eftir annarri, fjölbreyttar, langar, innihaldsríkar og stundum rammpólitískar myndir. Kvikmyndaunnendur og gagnrýnendur um allan heim gefa myndum Khans o.fl. Indverja jafnháar einkunnir og sumum dáðustu og lífseigustu Hollívúdd-myndum fyrri tíðar eins og t.d. Citizen Kane og Kösublönku.


Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi



Ársfundur **Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi**

Hilton Reykjavík Nordica, föstudagur 4. maí kl. 13.00–15.00








**Fjárfesting** forsenda framfara

**Ávörp:**

**Jens Garðar Helgason**
*formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi*

**Kristján Þór Júlíusson**
*sjávarútvegsráðherra*

**Afhending Hvatningarverðlauna sjávarútvegsins**

**Afhending styrkja úr Rannsóknasjóði síldarútvegsins**

**Erindi:**

„Hvernig má hámarka virði auðlindar?“
**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
*framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi*

„Auðlind vex af auðlind“
**Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir**
*sviðsstjóri fjármálaráðgjafar Deloitte*

„Afrakstur samstarfs við framsækin sjávarútvegsfyrirtæki“
**Helgi Hjálmarsson**
*framkvæmdastjóri Völku*

Fundarstjóri
**Helga Sigurrós Valgeirsdóttir**
*viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Arion banka*

www.sfs.is

# Ávinningur endurhæfingar fyrir krabbameinsgreinda




**Sigrún Elva Einarsdóttir**
fræðslufulltrúi Krabbameinsfélags Íslands

**Hulda Hjálmarsdóttir**
framkvæmdastjóri Krafts

Fólk sem greinist með krabbamein og fer í krabbameinsmeðferð glímir oft við fjölþættan vanda, meðal annars af líkamlegum, sálrænum og félagslegum toga sem getur haft mikil áhrif á lífsgæði einstaklinganna og aðstandenda þeirra. Rannsóknir sýna að með öflugri endurhæfingarþjónustu er hægt að sporna við ýmsum neikvæðum áhrifum veikindanna og stuðla að umtalsvert betri lífsgæðum. Einstaklingarnir verða þannig betur í stakk búnir til að takast á við lífið í kjölfar veikindanna og í því felst mikill ávinningur, bæði fyrir þá og samfélagið.

Að meðaltali greinast árlega tæplega 1.600 Íslendingar með krabbamein og einn af hverjum þremur fær krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni.

Það er mikilvægt að endurhæfing þeirra sem greinast með krabbamein sé almennt viðurkennd sem sjálfsagður og órjúfanlegur hluti krabbameinsmeðferðar, allt frá upphafi. Leggja þarf aukna áherslu á endurhæfingu þessa stækkandi hóps og hún á að vera jafnsjálfsögð og hjá öðrum hópum eins og til dæmis þeim sem lenda í alvarlegum slysum eða gangast undir hjartaaðgerðir.

Stórstígar framfarir hafa orðið undanfarna áratugi á vettvangi krabbameinslækninga, meðal annars hvað varðar greiningu og meðferðarúrræði. Þetta hefur leitt til þeirrar jákvæðu þróunar að lífslíkur hafa aukist verulega og mun fleiri en áður læknast eða lifa með krabbamein sem langvinnan sjúkdóm. Fimm ára lífshorfur hafa meira en tvöfaldast frá árinu 1954 og eru nú tæplega 15.000 einstaklingar á lífi sem greinst hafa með krabbamein og hópurinn fer ört stækkandi.

Á síðustu árum hafa framfarir óneitanlega átt sér stað í endurhæfingarmálum þessa hóps hérlendis og fleiri og fjölbreyttari endurhæfingarúrræði eru til staðar. Betur má þó ef duga skal. Þörf er á samræmdara og skipulagðara ferli. Tilviljun má ekki ráða hverjir fá endurhæfingu, hvar hún fer fram og í hverju hún felst eins og raunin er oft nú. Nauðsynlegt er að endurhæfingarmat fari fram í samráði við meðferðaraðila strax við greiningu og viðeigandi úrræði fundin. Markvissari vinna á þessum vettvangi tryggir einnig betur jafnt aðgengi að endurhæfingu og betri nýtingu þeirra endurhæfingarúrræða sem til staðar eru.

Skýrari stefna og markvissari vinnubrögð sem byggja á samvinnu og sameiginlegu skipulagi þeirra sem að málefninu koma myndi tryggja fleiri einstaklingum betri endurhæfingu. Öflug þjónusta sem viðheldur eða bætir lífsgæði skilar sér í þágu einstaklinganna sjálfra, aðstandenda og í víðara samhengi út í þjóðfélagið.

Það er fagnaðarefni að í nýrri fjármálaáætlun ríkisins sé talað um eflingu endurhæfingar. Þó þarf að tryggja að krabbameinsgreindir séu sérstaklega skilgreindir í áætluninni, en þar stendur nú: „Aukið aðgengi sjúklinga sem þarfnast endurhæfingar með þverfaglegri endurhæfingu innan og utan stofnana óháð eðli vanda.“

Félög og stofnanir sem tengjast málefninu halda málþingið „Endurhæfing alla leið“ í hátíðarsal Háskóla Íslands í dag, fimmtudaginn 3. maí kl. 15. Málþingið fjallar um stöðu og stefnu endurhæfingar fólks sem hefur greinst með krabbamein. Allir áhugasamir eru velkomnir.

# Rekstur Hörpu batnar – stefna mótuð til framtíðar



**Svanhildur Konráðsdóttir**
forstjóri Hörpu

Á sjö ára afmæli Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss sjáum við vel þegna vísbendingu um bata í rekstri sem við kynntum á nýafstöðnum aðalfundi félagsins. Heimsóknirnar hafa aldrei verið fleiri en í fyrra eða 2,3 milljónir, viðburðir voru hálft annað þúsund og hver öðrum fjölbreyttari; tónlistarviðburðir, ráðstefnur, fundir, hátíðir, markaðir, sýningar o.fl. Harpa er margverðlaunuð fyrir bæði arkitektúr og heimsklassa aðstöðu fyrir viðburði og er sterkur segull í höfuðborginni. Tilurð Hörpu gerir það m.a. mögulegt að halda stórar alþjóðlegar ráðstefnur og einstaka listviðburði, en afleidd áhrif slíkra viðburða er nánast ómögulegt að meta til fulls menningarlega og er hvað ráðstefnur varðar innspýting upp á milljarða króna inn í samfélagið. Við leggjum metnað okkar í að Harpa sinni hlutverki sínu áfram með sóma í þágu menningar, ferðaþjónustu og samfélags.

**Rekstur batnar þrátt fyrir áskoranir**

Rekstrarsaga Hörpu er öllum kunn. Afskriftir hússins og fjármagnskostnaður vegna lántöku við byggingu þess hafa vegið þungt í ársreikningum, en einnig fasteignagjöldin títtnefndu sem enn er deilt um. Aðlaga þyrfti rekstrarmódel Hörpu þannig að myndin af sjálfum rekstrinum og starfseminni sem fer fram í húsinu verði skýrari en nú er. Með þunga fasteignarinnar og endurgreiðslu á stofnkostnaði hússins í bland við kostnað vegna starfseminnar sjálfrar verður umræðan um Hörpu iðulega ómarkviss og jafnvel villandi. Tölurnar sýna að starfsemi Hörpu er blómleg og húsið iðar af lífi frá morgni til kvölds. Í því felast verðmæti sem vert er að gefa betri gaum.

Við höfum þrátt fyrir áskoranir náð að bæta rekstur Hörpu á síðasta ári. Það tókst með samstilltu átaki alls starfsfólks sem hefur velt við hverjum steini í leit að tækifærum. Framlag eigendanna, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, hefur einnig skipt sköpum fyrir rekstur Hörpu undanfarin ár og við tökum mjög alvarlega þá ábyrgð að reka hús í eigu þjóðarinnar og með stuðningi hennar. Fram undan er enn frekari vinna við að bæta kjarnastarfsemina, setja aukinn kraft í viðskiptaþróun og móta stefnu um skýra framtíðarsýn. Samhliða því á Harpa í góðu samtali við eigendur um heilbrigðari rekstrargrundvöll til framtíðar sem þarf að fela í sér umbætur í rekstri, raunhæfa fjármögnun á mikilvægu hlutverki hússins og nauðsynlegu viðhaldi á þessari einstöku byggingu og fjölsóttasta áfangastað í borginni.

**Þjóðinni þykir vænt um Hörpu**

Það er afar gleðilegt að sjá að mun betri sátt hefur nú skapast um starfsemi Hörpu og húsið sjálft. Þetta kemur skýrt fram í könnun sem MMR gerði fyrir Hörpu nú í vor en þar kemur fram að 86% þjóðarinnar hafa heimsótt Hörpu – þar af nánast allir íbúar á höfuðborgarsvæðinu eða 97% og 68% þeirra sem búa annars staðar á landinu. Langflestir koma til að sækja einhvers konar tónlistarviðburði enda voru þeir hvorki meira né minna en rúmlega 500 talsins í fyrra. Mikill meirihluti er einnig jákvæður í garð Hörpu eða 76% og aðeins 6% neikvæð. Umsagnir yfirgnæfandi meirihluta aðspurðra voru í þá veru að Harpa væri fallegt hús, mikilvægt fyrir menninguna, full af fjölbreyttri starfsemi og að Harpa væri hús sem fólk þykir vænt um.

Það liggur því fyrir að við erum stolt af þessu frábæra húsi; sannkallaðri orkustöð og sterkri táknmynd fyrir íslenska menningu og ferðaþjónustu sem vert er hægt að ímynda sér án Hörpu. Við finnum því fyrir ferskum vindi í seglin; starfsemin vex, gestum fjölgar, þjóðin sækir Hörpu heim og viðhorf yfirgnæfandi meirihluta hennar er að Harpa sé einstök; dýrmæt sameign landsmanna. Það er ekki amalegt veganesti inn í framtíðina.

# Verndum grænu svæðin í Reykjavík



**Eyþór Arnalds**
oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni

**Það er alltaf varasamt að leyfa fyrstu byggingarnar. Það er alltaf hætta á að svo komi fleiri á eftir.**

Reykjavík er borg í nábýli við mikla náttúru. Innan borgarinnar eru merkar náttúruperlur sem ber að vernda. Við viljum að borgin verði sú grænasta í Evrópu. Til þess að svo megi verða þarf að ná tökum á loftmengun og svifryki. Annað mikilvægt atriði er að verja grænu svæðin í borginni með áþreifanlegum hætti. Við leggjumst alfarið gegn því að byggð verði stórhýsi í Laugardal eins og gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi. Við viljum standa vörð um Laugardalinn sem náttúruperlu og svæði til íþróttaiðkunar. Þess vegna viljum við breyta skipulaginu þannig að ekki verði farið í að byggja í Laugardal á grænum reitum. Annað og jafnvel stærra mál er að vernda Elliðaárdalinn, en hugmyndir hafa verið uppi um að leyfa byggingar þar. Við viljum að borgin setji sjálfri sér strangar skorður í þessum efnum og Elliðaárdalurinn fái að blómstra sem náttúru- og útivistarperla. Það er alltaf varasamt að leyfa fyrstu byggingarnar. Það er alltaf hætta á að svo komi fleiri á eftir. Þess vegna viljum við setja skýrar línur í þessum efnum.

**Byggjum ekki í Elliðaárdal og Laugardal**

Eins og Central Park í New York hefur fengið að vera í friði viljum við tryggja að Laugardalurinn fái að vera griðastaður útivistar og grænna svæða. Líkt og griðasvæði í evrópskum borgum fá að vera í friði fyrir byggingaráformum viljum við tryggja verndun Elliðaárdalsins fyrir vilyrðum og úthlutunum fyrir nýjar byggingar. Að óbreyttu verða þessi svæði fyrir ágangi nýbygginga. Við viljum breyta þessari stefnu og gefa engan afslátt í þessum efnum. Verndum grænu svæðin í borginni og afstýrum því hægfara en endanlega lestarslysi sem annars verður. Við höfum fylgst með því hvernig sögulegar byggingar hafa horfið í skuggann eða horfið alfarið í miðborginni. Látum grænu svæðin njóta vafans og breytum þeirri stefnu sem nú er við stjórn. Breytum þannig borginni til hins betra.

# Samkeppnismál í ójafnvægi



**Ásta S. Fjeldsted**
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Lögmannafélag Íslands gáfu á dögunum út leiðbeiningar í samkeppnisrétti undir heitinu „Hollráð um heilbrigða samkeppni“. Voru leiðbeiningarnar unnar með helstu sérfræðingum á sviði samkeppnisréttar og ritaði forstjóri Samkeppniseftirlitsins meðal annarra formála ritsins og hrósaði útgefendum fyrir frumkvæðið að slíkum leiðbeiningum.

Markmiðið með útgáfu leiðbeininganna er að auðvelda starfsmönnum og stjórnendum fyrirtækja að glöggva sig á þeim reglum sem gilda um fyrirtæki og varða samkeppni. Þar sem ákvæði samkeppnislaga eru matskennd er oft erfitt að segja skýrt til um það hvort tiltekin háttsemi brýtur gegn samkeppnislögum. Af þeim sökum, meðal annarra, er umhugsunarvert að Samkeppniseftirlitið hafi ekki gefið út leiðbeiningar sem þessar til atvinnulífsins áður.

**Vantraust og stirð samkeppni**

Ljóst er að seint verða allir á eitt sáttir um ákvarðanir og úrskurði Samkeppniseftirlitsins. En það er áhyggjuefni hvernig samskiptum milli eftirlitsins og viðskiptalífsins er háttað. Margir stjórnendur veigra sér við því að eiga samtal við eftirlitið vegna hræðslu við að koma sér í óþökk eða vera sérstaklega tekinr fyrir. Mál sem Samkeppniseftirlitið tekur fyrir geta dregið á eftir sér margra ára rannsókn þar sem gagnaöflun og vinna henni tengd getur kostað fyrirtæki háar fjárhæðir, svo ekki sé minnst á álag á starfsfólk og eigendur. Auðvitað eiga rannsóknir rétt á sér þegar fyrir liggur skýr og rökstuddur grunur um brot á lögum en í sumum málum virðist sem tilgangurinn sé annar en að efla heilbrigða samkeppni og að óeðlileg tortryggni ríki gagnvart íslenskum fyrirtækjum og eigendum þeirra.

**Myndu Hagar og Olís eða N1 og Festi fá að sameinast í Bretlandi?**

Ein áskorun íslensks viðskiptaumhverfis er skilgreining Samkeppniseftirlitsins á mörkuðum hér á landi. Sú túlkun sem nýtt er í dag er löngu orðin úrelt þar sem landamæri markaða eru nánast horfin vegna tæknibreytinga og erlenda keppinauta sem bjóða ekki aðeins upp á þjónustu og vörur í gegnum netið heldur einnig í stórverslunum hér á landi. Um þetta má lesa nánar í skoðun Viðskiptaráðs: „Samkeppni í breyttri heimsmynd“.

Nýjustu fréttir frá Bretlandi um samruna matvöruverslananna Asda og Sainsbury's vekja athygli í þessu samhengi. Þar myndast félag sem verður stærst á sínum markaði með þriðjungs markaðshlutdeild. Ein af ástæðunum fyrir sameiningunni er sífellt harðnandi samkeppni frá alþjóðlegum risafyrirtækjum á borð við Amazon sem eru að umturna verslun og viðskiptum um heim allan. Einnig eru þýskar lágvöruverðsverslanir á borð við Aldi og Lidl að sækja fram með miklum krafti. Hvað gerir Samkeppniseftirlitið þegar þessar verslanir ákveða að stíga fæti á íslenskan markað? Það gæti gerst fyrr en varir.

**Á þessum breyttu tímum þarf Samkeppniseftirlitið að endurskilgreina markaði í breyttum heimi – annars vinnur það gegn tilgangi sínum og skerðir samkeppnishæfni Íslands sem heild.**

**Víðsýnna Samkeppniseftirlit**

Samkeppniseftirlitið þarf að horfa opnari augum á viðskiptalífið og átta sig á þeim raunveruleika sem þar blasir við. Aukin samkeppni er af hinu góða og ýtir t.a.m. á eftir hagræðingu í rekstri, en ef samkeppnislagatúlkun stendur fyrirtækjum í landinu fyrir þrifum við að aðlaga sig að breyttum aðstæðum munum við horfa á enn meiri umsvif erlendra stórverslana í innkaupum Íslendinga og það hratt. Á þessum breyttu tímum þarf Samkeppniseftirlitið að endurskilgreina markaði í breyttum heimi – annars vinnur það gegn tilgangi sínum og skerðir samkeppnishæfni Íslands sem heild.

SAMSUNG

# Gott úrval af gæðavörum

## Verið velkomin í Lágmúla 8



**Kæliskápur 202cm**
RB36J8035SR
Stál. Heildarrými: 357 lítrar. Kælirými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar. Mál B-H-D í mm: 595 x 2017 x 597
**Verð: 149.900,-**



**Tvöfaldur Kæliskápur**
RS7567THCSR
Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými: 361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.
**Verð: 189.900,-**



**Tvöfaldur Kæliskápur**
RH56J6917SL
Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kælirými: 376 lítrar. Frystirými: 179 lítrar. Klakavél. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi.
Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.
**Verð: 279.900,-**



**Tvöfaldur Kæliskápur**
RFG23UERS1
Stál. Heildarrými: 520 lítrar. Kælirými: 396 lítrar. Frystirými: 124 lítrar.Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 908 x 1774 x 774.
**Verð: 289.900,-**



**WF70 Þvottavél**
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
**Verð 59.900,-**



**DV70 Þurrkari**
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
**Verð 89.900,-**

*Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð*

ecobubble TECHNOLOGY

**HVAÐ ER ECO BUBBLE?**
Leysir upp þvottaduft undir þrýstingi og myndar kvoðu, svo duftið leysist upp á um það bil 15 mín, í stað 30-40 ella.



**WW80 Þvottavél**
8 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
**Verð 69.900,-**



**DV80 Þurrkari**
8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
**Verð 109.900,-**

## Uppþvottavél í sérflokki með Waterwall tækni



Framhlið úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 7 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db / Stillanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnífapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm

**Verð 134.900,-**

## Örbylgjuofnar af betri gerðinni

SAMSUNG MS23-F301EAS



800w

**Örbylgjuofn**
Keramik-emeleraður að innan
**Verð kr. 18.900,-**

SAMSUNG MS28J5255UB



1000w

**Örbylgjuofn**
Keramik-emeleraður að innan
**Verð kr. 27.900,-**

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

OPIÐ LAUGARDAGA KL. 11-15

SAMSUNG SETRIÐ

NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Skattar og jöfnuður



**Oddný G. Harðardóttir**
formaður þingflokks Samfylkingarinnar

Í stefnu stjórnmálaflokka í efnahags- og skattamálum má venjulega sjá hvað einkennir viðkomandi flokka og með því að rýna í þá stefnu má staðsetja stjórnmálaflokka á hinum pólitíska ási. Jafnaðarmenn vilja dreifa byrðum og jafna tekjur en hægri menn styðja auðsöfnun fárra.

Við í Samfylkingunni viljum að tekjuskattur sé þrepaskiptur og gegni því tvíþætta hlutverki að vera tekjustofn fyrir ríkissjóð og stuðla að tekjujöfnun. Við viljum endurskoða bilin milli skattþrepa, fjölga skattþrepunum og tryggja sanngjarnt framlag tekjuhærri hópa og stóreignafólks til samfélagsins í gegnum skattkerfið.

Við jafnaðarmenn viljum auka vægi barna- og húsnæðisbóta sem auk persónuafsláttarins eru mikilvægustu jöfnunartækin sem stjórnvöld geta beitt.

Við viljum að heilbrigðisþjónustan verði öllum aðgengileg og ókeypis og á leiðinni að því marki verði gjaldtaka af notendum velferðarþjónustunnar aldrei til þess að mismuna fólki eða hindra að nokkur manneskja geti nýtt sér þjónustuna. Gjaldtakan nú er mun hærri á Íslandi en í nágrannalöndum okkar og er eitt form skattheimtu sem eykur ójöfnuð og dregur úr þrótti samfélagsins og almennri hagsæld.

### Stefna ríkisstjórnarinnar

Skattastefna ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er því miður langt frá þeirri leið sem við jafnaðarmenn viljum fara.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára er talað um einfaldara skattkerfi og skattalækkanir rétt eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf gert. Þak er sett á barnabætur og boðað að þær verði styrkur til fátækra en ekki leið til að jafna stöðu barnafólks við hina sem ekki eru með börn á framfæri. Fjölskyldum sem njóta barnabóta hefur fækkað um rúmlega 12 þúsund frá árinu 2013, þegar hægri menn komust aftur til valda. Á Norðurlöndum, og reyndar víða í Evrópu, hefur ríkt mikil sátt um gildi stuðnings við barnafjölskyldur en hér á landi hefur verið dregið úr vægi barnabóta jafnt og þétt. Þeirri stefnu Sjálfstæðisflokksins á að halda áfram. Barnabætur byrja að skerðast langt undir lágmarkslaunum samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Sama er uppi á teningnum hvað önnur klassísk mál jafnaðarmanna varðar. Hvergi er að sjá í fjármálaáætluninni að gert sé ráð fyrir fjármagni í lengra fæðingarorlof sem þó er talað um í stjórnarsáttmálanum. Draga á úr húsnæðisstuðningi og ekkert er nefnt í húsnæðismálum sem tekur á þeim stóra vanda sem snýr að efnahag en ekki síður að velferð fólksins sem á í erfiðleikum með að eignast eigið heimili.

### Svar við ákalli

Verkalýðshreyfingin og stéttarfélögin hafa sett fram kröfur um byggingu fleiri almennra íbúða og betri húsnæðisstuðning við leigjendur, öflugra vaxtabótakerfi sem fleiri fá að njóta og stórauknar barnabætur og fæðingarorlof. Svar ríkisstjórnarinnar er alltaf hið sama við þessu ákalli: Samtal. Samtal um skattkerfið og samspil við bótakerfin. Samtal en ekki aðgerðir til að auka jöfnuð og hagsæld. Forystumenn ríkisstjórnarinnar velta vöngum um hvaðan ójöfnuðurinn kunni að spretta, þegar staðreyndirnar blasa við. Ríkustu 200 fjölskyldurnar hér á landi auka hratt við eignir sínar á meðan þær fátækustu eru í stórkostlegum vanda.

**Ríkustu 200 fjölskyldurnar hér á landi auka hratt við eignir sínar á meðan þær fátækustu eru í stórkostlegum vanda.**

### Lausnin fundin

Forsætisráðherrann velti því fyrir sér á ársfundi Seðlabanka Íslands sem haldinn var á dögunum hvaðan ójöfnuðurinn sprytti og hvernig ætti að taka á honum. Rétt eins og að það hafi vafist fyrir Vinstri grænum hingað til og að lausnina sé að finna í samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn!

# Brostin undirstaða



**Eiríkur Rögnvaldsson**
prófessor (bráðum emeritus) í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands

Á undanförnum áratug hafa orðið meiri breytingar á ytra umhverfi íslensks máls en nokkru sinni áður í málsögunni. Sumar þeirra eru samfélagslegar, svo sem sprenging í fjölda erlendra ferðamanna, mikil fjölgun erlendra starfsmanna í ýmiss konar þjónustustörfum, og alþjóðavæðingin sem hefur áhrif á viðhorf ungs fólks til tungumálsins. Aðrar eru tæknilegar, einkum tilkoma snjallsíma sem sítengja fólk við erlendan menningarheim, efnisveitur eins og YouTube og Netflix þar sem fólk hefur ótakmarkaðan aðgang að óþýddu erlendu afþreyingarefni, gagnvirkir tölvuleikir þar sem spilarar út um allan heim eru í samskiptum sín á milli á ensku, og síðast en ekki síst raddstýrð tæki eins og Amazon Alexa, Google Assistant og Microsoft Cortana sem eru komin inn á fjölda íslenskra heimila og fólk talar ensku við.

Sameiginlegt með þessum tækninýjungum er að þær höfða ekki síst til barna og unglinga, allt niður í börn á máltökuskeiði, og gætu því haft mikil áhrif á stöðu og framtíð tungunnar. Við vitum samt mjög lítið um hver þau áhrif gætu verið, og hvort og þá hversu mikið þeirra er þegar farið að gæta. Skoðanir um stöðu íslenskunnar eru mjög skiptar – sumir telja að hún hafi aldrei staðið sterkar en nú, en öðrum þykir full ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu hennar og framtíð. Allir ættu þó að geta verið sammála um að það sé mjög mikilvægt að fylgjast með þróuninni. Vandaðar og viðamiklar rannsóknir á íslensku nútímamáli og stöðu þess hafa aldrei verið brýnni en nú, svo að unnt verði að meta hvort þörf sé á að grípa til einhverra aðgerða – og slíkar aðgerðir, ef til kæmi, verða að byggjast á traustum fræðilegum grunni.

**Á sama tíma og ytri aðstæður gera það brýnna en nokkru sinni að fylgjast grannt með stöðu íslenskunnar fækkar um helming í hópnum sem þar þarf að vera í fararbroddi.**

Það hlýtur einkum að vera á verksviði og ábyrgð námsbrautar í íslensku við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands að sinna slíkum rannsóknum og leggja til hinn fræðilega grunn. En forsenda fyrir því að námsbrautin geti það er að hún hafi mannafla til þess, og því fer fjarri um þessar mundir. Í ársbyrjun 2016 voru sjö málfræðikennarar í fullu starfi við námsbrautina. Um mitt þetta ár munu þrír þeirra verða farnir á eftirlaun en aðeins einn hefur komið í staðinn, og þó aðeins að hálfu leyti því að helmingur starfs hans er í máltækni sem ekki er síður mikilvægt að sinna. Kennurum í íslenskri málfræði við námsbrautina hefur þannig fækkað um meira en þriðjung.

Í raun er þó staðan enn verri en þessar tölur benda til. Af þeim sjö málfræðingum sem voru í starfi fyrir rúmum tveimur árum fengust tveir einkum við sögulega málfræði en fimm við íslenskt nútímamál, þótt vissulega væri sú skipting ekki alveg hrein. Þeir þrír sem hafa hætt eru allir úr síðarnefnda hópnum, og þar hefur aðeins hálft starf komið í staðinn. Kennurum námsbrautarinnar sem sinna einkum íslensku nútímamáli fækkar þannig um helming á aðeins tveimur og hálfu ári – úr fimm í tvo og hálfan. Á sama tíma og ytri aðstæður gera það brýnna en nokkru sinni að fylgjast grannt með stöðu íslenskunnar fækkar um helming í hópnum sem þar þarf að vera í fararbroddi.

Það er oft vitnað í orð Einars Benediktssonar um að vilji sé allt sem þarf, og ég efast ekkert um einlægan vilja stjórnvalda til þess að halda í íslenskuna og efla notkun hennar á öllum sviðum þjóðlífsins. En því miður hafði Einar rangt fyrir sér – viljinn dugir skammt, ef honum er ekki fylgt eftir með athöfnum. Það þolir ekki bið að efla íslenska málfræði við Háskóla Íslands.

# Djásnið í krúnunni



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn var Reykjavíkurborg djásnið í krúnunni, kjarninn í völdum flokksins þaðan sem flokksmenn gátu deilt og drottnað, úthlutað lóðum, verkum og störfum að eigin geðþótta til innmúraðra og innvígðra. Borgin og völdin yfir henni var aðeins áfangi á leið framagjarnra Sjálfstæðismanna til að komast til enn meiri áhrifa á landsvísu. Þannig leit oft út fyrir að hagsmunir borgarinnar væru afgangsstærð eða a.m.k. í öðru sæti hjá borgarstjórum Sjálfstæðisflokksins.

Þetta breyttist allt með tilkomu Reykjavíkurlistans. Reykjavíkurlistinn og að mestu farsæl stjórnartíð hans opnaði augu borgarbúa fyrir því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hafði farið með völdin í borginni og ekki síður hvernig völdin höfðu farið með Sjálfstæðisflokkinn. Svo fór að það gerðist sem áður var óhugsandi, Sjálfstæðisflokkurinn þurfti að deila völdum í borginni með öðrum flokkum.

### „Skiliði lyklunum“

Sjálfstæðismenn koma stundum óvart upp um sig um hvernig þeir umgangast völdin og hvernig þeir telja sig réttborna til eigna og áhrifa í samfélagi okkar. Það gerðist t.d. þegar núverandi formaður flokksins hrópaði úr ræðustól Alþingis í heilagri vandlætingu „skiliði lyklunum“, en það gerðist á afar skammvinnu tímabili í lýðveldissögunni, þegar Sjálfstæðisflokkurinn var ekki í ríkisstjórn. Eða þegar frambjóðandi flokksins til borgarstjóra mætti nýlega á fund í Höfða eins og það væri nánast formsatriði og bara spurning um tíma hvenær hann settist í stól borgarstjóra.

Afstaða Sjálfstæðismanna til valdsins sýndi sig líka ágætlega í afsagnarmáli innanríkisráðherra þegar embættismenn sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði ráðið til starfa, eyddu miklum tíma og fyrirhöfn, ekki í að upplýsa málið, heldur til að leita leiða til að bjarga skinni ráðherrans sem hafði skipað þau.

### Á móti, til að vera á móti

Borgarlínuna svokölluðu reynir Sjálfstæðisflokkurinn að tortryggja á alla vegu (þó þetta séu bara venjulegir strætisvagnar sem keyra inn á sæmilegar biðstöðvar) eins og þeir átti sig ekki á að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að láta gatnakerfið taka mikið pláss. Eina svarið við því er það svar sem borgir um allan heim hafa gert í áratugi, sem er að efla almenningssamgöngur. Nema að Sjálfstæðismenn séu í hjarta sínu sammála Borgarlínunni en þykist vera á móti eins og helsti leiðtogi þeirra um árabil lýsti í viðtalsbók (Í hlutverki leiðtogans, bls. 60) hvernig flokkar eigi að hegða sér í stjórnarandstöðu:

„Ég gerði öll mál tortryggileg … Ég tók því upp öll mál, jafnvel þó að ég væri í hjarta mínu samþykkur þeim, og hjólaði í þau … því að ég leit á stjórnarandstöðu sem stjórnarandstöðu.“

### Sérhagsmunirnir ofar öllu

Vanhæfni Sjálfstæðisflokksins hefur aldrei verið augljósari en í málefnum ferðamanna þar sem þeir hafa brátt í heil fimm ár samfellt farið með ráðuneyti ferðamála og klúðrað því að ná inn í ríkissjóð eðlilegum gjöldum af erlendum ferðamönnum. Flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn þar sem sérhagsmunaöflum er grímulaust beitt gegn almannahagsmunum getur einfaldlega ekki tekist á við mál af þessu tagi þar sem alltaf er horft til sérhagsmunanna við ákvarðanatöku. Annað dæmi er Landsréttur þar sem liggur við að flokknum hafi tekist að eyðileggja nýtt dómstig því svo mikið lá við að koma „réttu“ fólki að í dóminn.

Með breytingu á forystu Sjálfstæðisflokksins upp úr aldamótum var ástæða til að ætla að þar hefði orðið breyting til batnaðar og að venjulegir stjórnmálaflokkar gætu framvegis unnið með flokknum. En eftir að Sjálfstæðismenn hlógu sig máttlausa á fyrsta landsfundi eftir hrun, þegar stungið var upp á að þeir viðurkenndu að eiga þátt í hruninu eða að þeir þyrftu að biðja þjóðina afsökunar og bæta sitthvað í eigin ranni, þá mátti öllum vera ljóst að Sjálfstæðismenn höfðu ekkert lært af hruninu og engu

**Vanhæfni Sjálfstæðisflokksins hefur aldrei verið augljósari en í málefnum ferðamanna þar sem þeir hafa brátt í heil fimm ár samfellt farið með ráðuneyti ferðamála og klúðrað því að ná inn í ríkissjóð eðlilegum gjöldum af erlendum ferðamönnum.**

gleymt um hvernig þeir eru vanir að umgangast valdið.

Verulegar líkur eru á að morguninn eftir kosningarnar í vor muni Sjálfstæðismenn reyna að efna til hins sama í borgarstjórn og þeir gerðu eftir alþingiskosningarnar í haust. Þeir muni setja sig í samband við Vinstri græn og bjóða þeim borgarstjórastólinn. Hverju mun VG svara því tilboði?



SUMARSPRENGJA
ALGJÖRLEGA FRÁBÆR KYNNINGARVERÐ
Á NÝJUM HEAD HJÓLUM
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM REIÐHJÓLUM
Randall I
Verð 209.995
104.998,-
26" Breiðhjól
20 gíra
Diskabremsur
2 gerðir
I-Peak II
Verð 115.995
57.998,-
28" stærð
27 gíra
Diskabremsur
Margar gerðir
E-Cross
Verð 599.995
299.998,-
28" stærð
10 gíra
Rafmagnshjól
Margar gerðir
Troy I
Verð 94.995
47.498,-
27.5" stærð
24 gíra
Diskabremsur
Margar gerðir
Ridott I 26"
Verð 76.995
38.498,-
26" stærð
24 gíra
Framdempari
Margar gerðir
Ridott II 24"
Verð 76.995
38.498,-
24" stærð
21 gíra
Diskabremsur
Margar gerðir
Ridott I 20"
Verð 56.995
28.498,-
20" stærð
7 gíra
Margar gerðir
HEAD
- Fjallahjól
- Götuhjól
- Barnahjól
- Rafmagnshjól
- Hybrid hjól
- Breiðhjól
- Yfir 25 gerðir í boði
MAMMUT
hanwag
OUTDOOR FOOTWEAR
SINCE 1921
OUTDOOR RESEARCH
TERNUA
HILLEBERG
THE TENTMAKER
Vango
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

# Framsókn gegn vaxandi kvíða og þunglyndi



Bergþór Smári Pálmason
Sighvats
í 6. sæti á lista Framsóknar í Reykjavík

**Vaxandi kvíði og þunglyndi meðal barnanna okkar er virkilegt vandamál.**

Við Íslendingar eigum hér um bil met í því að setja börnin okkar á þunglyndislyf. Við byrjum að setja 5 ára börn á lyf því þeim líður illa. Þunglyndislyf hjá börnum undir 14 ára þekkist varla í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við þannig að við erum að gera eitthvað rangt.

Vaxandi kvíði og þunglyndi meðal barnanna okkar er virkilegt vandamál. Það hefur verið í umræðunni að allt of margt ungt fólk er að koma úr skólakerfinu okkar með brotið sjálfsálit. Ástæðurnar á bak við þetta eru margþættar, prófkvíði reynist þeim um megn, stress frá félagslífinu og umhverfinu, heimilislífinu er ábótavant, samfélagsmiðlar anda ofan í hálsmálið á þeim, einelti, félagsfælni, laskað sjálfstraust, vanþekking og fáfræði foreldra og kennara á vandamálinu eða einhver setti ekki „Like“ á nýjustu Facebook-færsluna.

Hver sem ástæðan er þá er vandinn til staðar. Við erum að horfa á gríðarlega fjölgun ungra öryrkja sökum geðrænna kvilla. Börnin okkar eru að verða félagsfælin, kvíðin og þau skortir sjálfstraust. Við erum dugleg að tala um vandamálið en hver er lausnin?

Við verðum að vera framsækin í vitundarvakningu á þunglyndi. Fræðslufundir og námskeið verða að vera aðgengileg fyrir börnin sem og foreldra þeirra. Margir foreldrar eru ekki meðvitaðir um vandamálið fyrr en það er orðið of seint og það er vandamál út af fyrir sig. Mörg börn sem eru þunglynd eru heldur ekki meðvituð um það, þau færa rök fyrir hugsunum sínum og sannfæra sjálf sig um það að það sé allt í lagi að hata sjálfan sig, það sé eðlilegt. En það er ekkert eðlilegt við það að líta á sjálfan sig sem eitthvert úrhrak.

Það skortir almenna þekkingu á þunglyndi og hvernig hugarheimur þunglyndra virkar. Það sem þarf að gera er að grípa barnið áður en þunglyndið festir sig í sessi. Við verðum að skima skólastofur og greina börnin hraðar og verðum að vanda til verks. Við verðum að vera vakandi fyrir áhættueinkennum og kunna að taka eftir þeim.

Við verðum að hlúa að börnunum okkar. Börnin okkar eru okkar dýrmætasta auðlind, þau sem eiga eftir að taka við af okkur.





Yfirskrift fundarins er
*„Hagnýting í þágu samfélagsins“*

Allir áhugasamir um verkefnið og sjálfbæra þróun eru hvattir til að mæta

Dagskrá og upplýsingar um skráningu er að finna á vef verkefnisins,
www.sjalfbaerni.is

SJÁLFBÆRNI.IS
Sjálfbærniverkefni á Austurlandi


# Þurfum markvissari fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar



Pétur Magnússon
formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu



Eybjörg H. Hauksdóttir
framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

**Því miður eru margar vísbendingar um raunlækkanir á síðustu árum og þeirri þróun verður að snúa við – það verður að auka fjármagn í heilbrigðisþjónustuna ef núverandi þjónustustig á að vera áfram.**

Að undanförnu hefur verið fjallað nokkuð um fjármálaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar, ekki síst í kjölfar útkomu skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Sjúkratrygginga Íslands, þar sem segir meðal annars: „Það stefnuleysi sem einkennir málaflokkinn hefur leitt til þess að áherslur fjárlaga hverju sinni, tímabundin átaksverkefni og úrlausn tilfallandi vandamála hafa mótað ákvarðanir um samninga um heilbrigðisþjónustu og þar með þróun heilbrigðiskerfisins.“ Jafnframt kemur fram í skýrslunni að samningar Sjúkratrygginga Íslands hafi ekki stuðlað að hagkvæmni eða skilvirkni í heilbrigðiskerfinu ásamt því sem heildstæða stefnu skorti um þjónustuna og nýting opinberra fjármuna til málaflokksins sé ekki næg.

Rekstraraðilar í heilbrigðisþjónustu hafa margir gagnrýnt skort á nauðsynlegri kostnaðargreiningu svo unnt sé að mæta þeim opinberu kröfum sem eru gerðar til þjónustunnar. Einnig hafa veitendur heilbrigðisþjónustu bent á hve erfitt sé að fá greiddan raunkostnað sem fellur til vegna umbeðinnar þjónustu sem hið opinbera gerir kröfu um. Þá er það einnig þekkt vandamál að þegar fjárveiting þjónustu hefur á annað borð verið ákvörðuð, eru breytingar á milli ára á þeirri fjárveitingu yfirleitt mjög óljósar. Of mikið ógegnsæi hefur verið varðandi hækkanir á framlögum með tilliti til verðlags- og launahækkana auk þess sem skerðingar á fjárframlögum til einstakra aðila eiga sér stað án rökstuðnings eða skýringa. Mikill tími fer í það af hálfu rekstraraðila að leita skýringa á þessum breytingum og berast þær yfirleitt mjög seint ef þær þá fást á annað borð.

### Hlutfallið lægst hér á landi

Þrátt fyrir að um 25% af árlegum útgjöldum ríkisins fari til heilbrigðismála erum við aðeins að nota um 8,9% af vergri þjóðarframleiðslu í málaflokkinn. Þetta hlutfall er lægst hér á landi í samanburði við verga þjóðarframleiðslu hinna Norðurlandaþjóðanna enda þótt það liggi fyrir að öldruðum muni fjölga hratt á næstu árum. Samkvæmt spá Hagstofu Íslands mun einstaklingum, 75 ára og eldri hafa fjölgað hér á landi um 35% á tímabilinu 2012 til 2020. Hagstofan spáir því jafnframt að landsmönnum fjölgi um 33% til 2060 þegar íbúar verða orðnir 430 þúsund talsins.

### Framlög verður að hækka

Við sem störfum í öldrunarþjónustu höfum reiknað út að þeim sem njóta öldrunarþjónustu muni fjölga um 2-3% á hverju einasta ári á næstu áratugum. Af þessu er ljóst að fjárframlög til heilbrigðismála þurfa að hækka töluvert milli ára, bara til að viðhalda sama þjónustustigi og var árið áður, því við þessa fjölgun bætast launahækkanir heilbrigðisstétta, vísitöluhækkanir og fleira. Þegar tekið hefur verið tillit til verðlags- og launaþróunar í landinu auk raunkostnaðar við veitingu þeirrar þjónustu sem hið opinbera gerir kröfu um og veitendur þjónustunnar þurfa að standa straum af með beinum fjárframlögum, er fyrst hægt að átta sig á því hver raunþróunin er á framlögum til heilbrigðismála í landinu – hvort raunaukning hafi orðið eða lækkun.

Því miður eru margar vísbendingar um raunlækkanir á síðustu árum og þeirri þróun verður að snúa við – það verður að auka fjármagn í heilbrigðisþjónustuna ef núverandi þjónustustig á að vera áfram. Auðvitað þurfum við að vera meðvituð um að ekki er sjálfgefið að aukið fjármagn bæti heilbrigðisþjónustuna. Það verður að gera þá kröfu til ríkisins, vörsluaðila skattfjár almennings, að ítarlegar og faglegar greiningar búi að baki ákvörðunum um fjárframlög til þjónustunnar. Við, sem störfum í greininni, leitum sífellt leiða til til að gera betur, bæta verkferla og þjónustu á grundvelli greininga.

Heilbrigðisþjónustan er einn af hornsteinum samfélagsins og lykilþáttur í lífsgæðum landsmanna. Nú er komið að yfirvöldum og stjórnmálamönnum landsins að sýna að raunverulegur vilji sé til breytinga í fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar og jafnframt að nýta fjármagn með eins markvissum hætti og mögulegt er, landsmönnum til heilla.

# Víkkum út læsisumræðuna



Stefán Jökulsson
lektor við HÍ

**Enn eru læsispróf sjaldan í samræmi við breytta tíma og miðast mest við prentið og fræði og menningu þeirra sem semja þau.**

Fátt í veröldinni virðist vera „annaðhvort eða“ heldur fremur „bæði og“ ellegar „hvorki né“. Þetta á einnig við um læsi og lesskilning. Ég leyfi mér þó að setja fram nokkrar fullyrðingar sem stangast á við sumt af því sem hefur komið fram í læsisumræðunni að undanförnu. Vonandi er það þess virði að vega þær og meta.

Á fyrstu skólaárunum öðlast börn þekkingu á tungumáli sínu, umhverfi og menningu með því að hlusta og tala, ekki aðeins með því að lesa. Ef börn eru þjálfuð í mæltu máli og samtali á unga aldri aukast líkur á að þau verði góð í lestri þegar fram líða stundir. Samtal er lykill að lesskilningi: lesandi talar við aðra um mögulega merkingu texta eða við sjálfan sig eða aðra í huganum.

Orð eru efni í merkingarsköpun í sama skilningi og timbur nýtist í tréverk. Timbur er ekki tréverk og orð eru ekki merkingarverk. Tréverk og merkingarverk eru lík að því leyti að burðarvirki þeirra og hald snýst um tengsl milli eininga. Lesandi þarf í krafti þess sem hann veit og hefur upplifað að tengja saman orð, setningar, málsgreinar, efnisgreinar og kafla, og búa þannig til heildarsamhengi sem gerir honum kleift að túlka eða skilja efnið. Lesskilningur, eins og skilningur yfirleitt, er því háður þekkingu og reynslu og ekki er til nein skilningsaðferð sem nýtist við alls kyns lestur, óháð lesefni. Að auki geta þeir sem skrifa texta aldrei sagt alla söguna og reiða sig á að lesendur fylli í eyður og lesi milli lína. Eyðufyllingin snýst fremur um þekkingu en lesskilningstækni.

Öll skilningarvit okkar koma við sögu við lestur af því að reynsla okkar litast alltaf af ýmiss konar skynjun og skynhrifum. Myndmál gegnir til dæmis mikilvægu hlutverki í lestri sökum þess að lesandi skapar myndir í huga sér af því sem hann les, myndir af aðstæðum og fólki. Þjálfun í myndrænni hugsun og sköpun getur því auðveldað þá merkingarsköpun sem felst í lestri. Ungir lesendur öðlast ekki þekkingu með því einu að lesa meira vegna þess að hana má öðlast með ýmsum hætti í þeim kvikmynda- og margmiðlunarheimi sem þeir þekkja og samsama sig við.

### Miðlar eru verkfæri

Miðlanotkun nú á dögum einkennist af margs konar miðlunarkostum og samspili mismunandi táknkerfa, til dæmis í fræðslumyndum eða vefefni. Enn höldum við þó of fast í þá hugmynd, til dæmis í skólastarfi, að best sé að skilja heiminn með því að skrifa eða lesa um hann. En miðlar eru verkfæri og notagildi þeirra fer eftir eðli þekkingarsköpunarinnar (námsins) og þekkingarmiðlunarinnar (fræðslunnar). Rétt eins og David Attenborough valdi sér miðil til að lýsa náttúrunni ættu nemendur og kennarar að geta valið miðla sem þeir telja heppilega til að skapa og miðla þekkingu hverju sinni. Sumir nemendur læra meira af því að búa til efni en að reyna að tileinka sér námsefni sem aðrir hafa búið til.

Tækni, mál, menning og miðlun haldast í hendur. Stafræn tækni hefur gjörbreytt aðföngum, úrvinnslu og miðlun efnis og því er nýlæsi eða miðlæsi mikilvægur þáttur í skólastarfi víða um lönd. Slíkt læsi snýst um að nemendur geti búið til og miðlað efni með margvíslegum aðferðum – geti til dæmis nýtt sér myndmál eða margmiðlun til jafns við prentmál – og metið og túlkað ýmiss konar efni og upplýsingar. Enn eru læsispróf sjaldan í samræmi við breytta tíma og miðast mest við prentið og fræði og menningu þeirra sem semja þau.

# EINS KONAR REKKJUNAUTUR




Samfeðra

## LISTILEGA SPUNNIN FJÖLSKYLDUSAGA!

**VILDARVERÐ:**
**3.399.-**
**Verð:**
**3.999.-**




**Freyja og Fróði**
**rífast og sættast**
**VILDARVERÐ: 1.399.-**
Verð: 1.699.-




**Freyja og Fróði**
**eignast gæludýr**
**VILDARVERÐ: 1.399.-**
Verð: 1.699.-




**Villimaður í París**
**VILDARVERÐ: 2.899.-**
Verð frá: 3.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 6. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




Fréttablaðið spáir Þór/KA meistaratitlinum en takist Akureyringum að verja titilinn verður það þriðji Íslandsmeistaratitillinn í sögu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRIR

# Toppbaráttan verður jafnari

**Vanda Sigurgeirsdóttir, fyrrverandi knattspyrnuþjálfari, sér fyrir sé að þrjú til fjögur lið muni berjast um Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu kvenna í sumar. Vanda telur að deildin verði jöfn og spennandi.**

**FÓTBOLTI** Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu rúllar af stað í kvöld með stórleik Stjörnunnar og Breiðabliks á Samsung-vellinum í Garðabænum. Íþróttadeild Fréttablaðsins spáði í spilin fyrir komandi sumar og fékk Vöndu Sigurgeirsdóttur, fyrrverandi knattspyrnuþjálfara, til þess að velta fyrir sér hvernig deildin spilast á komandi leiktíð.

„Þór/KA mun verja titilinn held ég og þar skiptir mestu máli að þær halda Stephany Mayor sem gerði gæfumuninn í fjölmörgum leikjum síðasta sumar. Mayor verður í lykilhlutverki í titilvörn Þórs/KA og það er sterkt fyrir norðankonur að hafa endurheimt Örnu Sif Ásgrímsdóttur í vörnina. Svo hef ég líka tröllatrú á Donna [Halldór Jón Sigurðsson, þjálfari Þórs/KA],“ sagði Vanda um toppbaráttu deildarinnar.

„Ég held hins vegar að toppbaráttan verði jafnari og meira spennandi en á síðustu leiktíð. Stjarnan hefur til að mynda endurheimt Ásgerði Stefaníu Baldursdóttur og Hörpu Þorsteinsdóttur er í betra formi en í fyrra. Þá hefur Valur styrkt sig með Hallberu Gísladóttur og fleiri leikmönnum. Breiðablik er svo óskrifað blað, en liðið bætti við sig fjölmörgum ungum og efnilegum leikmönnum í vetur og spurning hvort þær verði nógu sterkar til þess að gera atlögu að titlinum,“ sagði Vanda um þau lið sem munu berjast við Þór/KA um Íslandsmeistaratitilinn.

„Mér finnst FH líka hafa spilað vel á undirbúningstímabilinu í vetur og FH-ingar gætu blandað sér í toppbaráttuna og í það minnsta kroppað stig af toppliðunum. Selfoss hefur svo verið að styrkja sig undanfarið með erlendum leikmönnum og það verður gaman að sjá hversu öflugir leikmenn það eru. ÍBV mun svo að öllum líkindum styrkja leikmannahóp sinn á næstu dögum, sagði Vanda sem telur að þessi þrjú lið muni sigla lygnan sjó um miðja deild.

„KR, Grindavík og HK/Víkingur munu svo berjast um það að forðast fall úr deildinni. Ég held hins vegar að munurinn á bestu liðum deildarinnar og þeim sem verða í fallbaráttu sé að minnka þannig að þessi lið munu reyta stig af þeim liðum sem ég hef nefnt hér að framan,“ sagði Vanda um fallbaráttu deildarinnar.

„Ég held að deildin verði jöfn, spennandi og umfram allt mjög skemmtileg í sumar. Liðin eru flest töluvert sterkari en á síðasta keppnistímabili og margar ungar og vel þjálfaðar stelpur að koma fram á sjónarsviðið. Þjálfun hefur batnað mikið undanfarin ár í kvennaknattspyrnunni bæði í yngri flokkum og í meistaraflokki. Það eru fleiri stelpur sem eru tæknilega góðar og taktískt klókar. Það er mikið tilhlökkunarefni að deildin sé loksins að fara af stað,“ sagði Vanda sem var augljóslega spennt fyrir knattspyrnusumrinu. **hjorvaro@frettabladid.is**

**Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild kvenna 2018**

| | |
|---|---|
| 1. | Þór/KA |
| 2. | Stjarnan |
| 3. | Valur |
| 4. | Breiðablik |
| 5. | ÍBV |
| 6. | FH |
| 7. | KR |
| 8. | Selfoss |
| 9. | Grindavík |
| 10. | HK/Víkingur |

Fréttablaðið spáir því að Þór/KA verji titil sinn í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar og Grindavík og HK/Víkingur falli niður í 1. deild í haust.

> Ég held að toppbaráttan verði jafnari og meira spennandi en á síðustu leiktíð og munurinn á bestu liðunum og þeim sem verða í fallbaráttu er að minnka.
>
> Vanda Sigurgeirsdóttir

# Klæjaði í puttana alla úrslitakeppnina

**HANDBOLTI** Markvörðurinn Íris Björk Símonardóttir skrifaði í gær undir samning hjá Val eftir tveggja ára fjarveru frá handbolta. Var hún einn fimm leikmanna sem Valsliðið kynnti til leiks á blaðamannafundi en eftir að hafa tapað í úrslitaeinvíginu gegn Fram á dögunum stefnir Valsliðið á alla titla á komandi tímabili. Íris var valin handboltakona ársins árið 2015 eftir að hafa verið lykilleikmaður í Íslandsmeistaratitli Gróttu. Hefur hún fjórum sinnum verið valin besti markvörður Íslandsmótsins og leikið 69 landsleiki.

Hún sagði að það hefði hjálpað til við ákvörðunina að kannast við nokkur andlit í Valsliðinu. „Ég kannast við nokkur andlit hérna, ég hef spilað fyrir Ágúst áður og Lovísa kemur með mér úr Gróttu. Svo hef ég bestu vinkonu mína, Önnu Úrsúlu, í liðinu og það hjálpar. Það var því auðvelt að segja já og ég get ekki beðið eftir því að fara af stað,“ sagði Íris sem fékk fleiri tilboð. „Það voru fleiri lið sem komu til greina en þetta var niðurstaðan og ég er afar sátt við hana.



Íris Björk Símonardóttir.

Umgjörðin og hefðin hérna er frábær og hér getum við, ef við höldum rétt á spilunum, barist um alla titla.“

Hún tók sér pásu frá handbolta til að einbeita sér að barneignum en hún er núna tilbúin til að snúa aftur á völlinn. „Ég held að ég hafi mætt á nánast hvern einasta leik í úrslitakeppninni og þá kemur þessi löngun til að spila aftur. Allt tímabilið hefur mig klæjað í puttana að komast aftur af stað,“ sagði Íris, sem vildi ekki fara sömu leið og Steinunn Björnsdóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, sem sneru aftur inn á völlinn nokkrum vikum eftir barnsburð. „Þær eru þvílíkar ofurkonur, þær fæddust held ég með mikla magavöðva en ég vildi gefa mér sumarið til að komast aftur í stand,“ sagði Íris hlæjandi að lokum. **– kpt**

## Nýjast

**Meistaradeildin, undanúrslit**

| Roma - Liverpool | 4-2 |
|---|---|

0-1 Sadio Mané (9.), 1-1 James Milner (sjálfsmark, 15.), 1-2 Georginio Wijnaldum (26.), 2-2 Edin Dzeko (52.), 3-2 Radja Nainggolan (86.), 4-2 Radja Nainggolan (víti, 90.)

*Viðureign liðanna endaði samanlagt 7-6 Liverpool í vil sem mætir því Real Madrid í úrslitum. Liverpool bar síðast sigur úr býtum í Meistaradeildinni vorið 2005 þegar liðið bar sigurorð af AC Milan í úrslitaleik. Real Madrid hefur unnið Meistaradeildina síðustu tvö ár.*

# Stórstjarna til landsins

**GOLF** Annika Sörenstam, einn besti kvenkylfingur allra tíma, kemur til landsins í sumar og heldur fyrirlestra ásamt því að ræða við afrekskylfinga og þjálfara. Sendi Golfsambandið frá sér tilkynningu í gær þar sem þetta kom fram. Annika var atvinnukylfingur í sextán ár en á þeim tíma vann hún alls 93 mót, þar af 72 á LPGA-mótaröðinni og tíu risamót. Var hún átta sinnum valin kylfingur ársins af LPGA áður en hún hætti 2008 aðeins 38 ára gömul. Var hún valin áhrifamesta íþróttakona heims af ESPN fyrir stuttu, en þar hafði hún betur gegn Serenu Williams. **– kpt**



# Þór/KA spáð titlinum

**FÓTBOLTI** Þór/KA mun verja titil sinn í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu ef spá fyrirliða/þjálfara og forráðamanna deildarinnar gengur upp. Valur og Stjarnan munu vera í titilbaráttu við Þór/KA, en Valur þarf að gera sér annað sætið að góðu og Stjarnan verður í þriðja sæti ef marka má spána. Breiðabliki er spáð fjórða sæti deildarinnar og FH, ÍBV og Selfoss munu sigla lygnan sjó um miðja deild.

KR, HK/Víkingur og Grindavík heyja svo harða fallbaráttu og tvö síðastnefndu liðin munu falla. HK/Víkingur sem er nýliði í deildinni að þessu sinni mun því staldra stutt við í deild þeirra bestu og Grindavík fellur eftir tveggja ára skeið í efstu deild. KR mun hins vegar bjarga sér frá falli eftir hatramma fallbaráttu líkt og undanfarin þrjú ár.

Deildin hefst með stórleik Stjörnunnar og Breiðabliks á Samsungvellinum í Garðabænum klukkan 19.15 í kvöld. Fyrsta umferðin heldur svo áfram með þremur leikjum annað kvöld. ÍBV fær þá KR í heimsókn til Vestmannaeyja, Valur og Selfoss eigast við á Origo-vellinum að Hlíðarenda og FH sækir HK/Víking heim í Kórinn í Kópavogi. Umferðin klárast svo á laugardaginn þegar Þór/KA hefur titilvörn sína með því að etja kappi við Grindavík á Grindavíkurvelli. **– hó**

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 3. MAÍ 2018



Liam Gallagher og fatamerki hans, Pretty Green, sendu nýlega frá sér fatalínuna Nitetripper sem er sérstaklega ætluð fyrir tónlistarhátíðir í sumar.

→6



# Rokkari með eigin stíl

Diljá Sævarsdóttir, eða Dilicus, er tónskáld sem fer ótroðnar slóðir í fatavali enda umhugað um að skapa sinn eigin stíl. Hún er nýkomin úr tónleikaferð um Bandaríkin og kemur fram á tónleikum á Dillon í kvöld sem eru hluti af hópfjármögnun fyrir upptökur á fyrstu plötu hennar. →2

Svarti jakkinn með kögrinu er í miklu uppáhaldi hjá Diljá en hann er frá Moss Reykjavík. Blómin í hárinu eru svo ómissandi að hennar mati. MYND/STEFÁN



3.-6. maí

SUMARDAGAR

15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GALLABUXUM OG JÖKKUM

*Casual, þægilegt og töff*

comma,

SMÁRALIND











Diljá hefur dálæti á kögri og blandar saman rokki og litríkum blómastíl með góðum árangri. Uppáhaldsskórnir fengu langþráða upplyftingu með litríkum skóreimum. MYNDIR/STEFÁN

**Framhald af forsíðu ➪**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Diljá segist tengja helst við nítunda áratuginn í fatavali. „Ég hef samt alltaf haft minn eigin sérstæða stíl, ég fíla yfirleitt það sem er litríkt og ákveðið,“ segir hún. „Ég er til dæmis með bleikt hár og finnst gaman að vera með blóm í hárinu en svo er ég líka rokkari í mér. Ég blanda öllu saman bara.“

Hún segist vera sparsöm þessa dagana enda að safna fyrir upptökum á fyrstu breiðskífu sinni. „En ef ég hef efni á að kaupa mér föt þá kaupi ég fáar en flottar flíkur. Það skiptir ekki máli hvort það er frægt merki eða bara úr búð með notuð föt, ef það er flott þá er það flott,“ segir hún ákveðin. „Ég hef alveg ákveðna hugmynd um hvernig mig langar að vera og hvernig mér líður vel, þetta tengist í raun bara því að vera sú manneskja sem ég er, ekki reyna að vera eitthvað annað.“

Diljá finnst mjög gaman að kíkja í fatamarkaðinn hjá Hlemmi. „Það leynist oft eitthvað flott þar. Svo fer ég í Zöru, Júník og Urban Outfitters og einstaka sinnum Sautján og svo HM. En mér þykir yfirleitt bara gaman að fara að versla ef ég er að leita að einhverju ákveðnu. Það er ekki alltaf auðfundið það sem mig langar í en þegar ég finn það er ég mjög ánægð.“

Þegar hún er spurð um uppáhaldsflík nefnir hún svartan rúskinnsjakka með kögri frá einu af sínum uppáhaldsmerkjum. „Hann er frá Reykjavík Moss design,“ segir hún. „Þegar ég fann hann var þetta síðasti jakkinn í minni stærð og hann var með 60 prósent afslætti. Ótrúleg heppni.“

Þó uppáhaldsjakkinn sé svartur er Diljá samt almennt frekar litrík í klæðaburði. „Ég fíla bleikt, appelsínugult, grænt, blátt, gult, fjólublátt og bara flestalla liti held ég.“ Hún viðurkennir að eiga sína veikleika. „Ég fell of oft fyrir skóm og jökkum og kaupi þó ég eigi alveg nóg af því. Uppáhaldsskórnir mínir eru hælaskór úr HM sem eru að syngja sitt síðasta eftir þrjú ár. Ég setti í þá litríkar reimar og veit ekki alveg hvað ég geri þegar þeir gefa sig,“ segir hún. „Ég get heldur aldrei átt nóg af flottum bolum og mjög oft með blómabönd í hárinu.

Diljá fór í sína fyrstu hljómleikaferð til Bandaríkjanna í febrúar og féll að sjálfsögðu fyrir tísku heimamanna. „Ég fór meðal annars til Tennessee sem er án efa eitt skemmtilegasta ríki sem ég hef komið til,“ segir hún. „Maður þar sem hjálpaði mér að bóka tónleika sagði að ég mætti ekki fara fráTennessee án þess að kaupa mér kúrekastígvél þannig að ég gerði mér sérferð því það er ekki á hverjum degi sem maður fær þannig tækifæri.“


Diljá nýtur þess að klæðast litríkum fötum í bland við rokkarastílinn. Hér má einnig sjá uppáhaldsskóna, hælaskó úr HM sem eru á síðasta snúningi en fengu upplyftingu með marglitum reimum.

Diljá er með mörg járn í eldinum. „Ég er í miðju kafi að safna fyrir upptökum á fyrstu plötunni minni og fékk samþykkta hópfjármögnun á franskri síðu sem heitir Ulule. Ég verð einmitt með styrktartónleika í kvöld á Dillon og svo er ég líka að vinna í tónlistarmyndbandi fyrir eitt af nýju lögunum mínum.“

Samhliða því að safna fyrir upptökum og semja lög stendur hún fyrir söngvaskáldakvöldum á Gamla Gauknum. „Ég var að vinna þar sem barþjónn og datt í hug að prófa svona kvöld í nóvember síðastliðnum. Við byrjuðum einu sinni í mánuði en þetta varð svo vinsælt að ég fæ að halda svona kvöld tvisvar í mánuði núna.“

Diljá er bjartsýn á framtíðina. „Það þýðir ekkert að bíða eftir að einhver annar komi manni áfram,“ segir hún. „Mér hefur tekist að gera ansi margt síðastliðið ár og langar bara að hvetja aðra til þess að gera hið sama og gera eitthvað smátt á hverjum degi til að láta draumana rætast.“ Og hún hefur skipulagt í þaula hvað hún gerir ef fjármögnunin gengur upp. „Þá fer ég beinustu leið í hljóðver að taka upp og eftir það er förinni heitið í tónleikaferð um Bandaríkin og vonandi Evrópu líka,“ segir hún og bætir við að um leið og fjárhagurinn leyfi muni hún byrja að undirbúa fyrir alvöru. „Mér þykir mjög vænt um hversu margir eru hrifnir af tónlistinni minni og ég vona svo innilega að þessi söfnun gangi upp svo ég geti leyft sem flestum að heyra það sem ég er að gera.“

Tónleikarnir á Dillon í kvöld hefjast klukkan níu og aðgangseyrir er 2.000 krónur. Nánari upplýsingar um hópfjármögnunina má finna á ulule.com/dilicusrecording.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |


20%
afsláttur af
öllum yfirhöfnum!
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Optibac fyrir þarmaflóruna

## Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér.

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti segir að mikið úrval sé á boðstólum af alls konar meltingargerlum. „Sem betur fer hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þarmaflórunnar en vanda þarf valið þegar maður kaupir meltingargerla,“ segir hún. „Þau hjá Optibac eru sérfræðingar í góðgerlum og nota bara gerla sem rannsóknir hafa sýnt fram á að virka vel.“

### Heilbrigð þarmaflóra

„Heilbrigð þarmaflóra er hornsteinn góðrar heilsu. Flóran er ómissandi fyrir meltingu og upptöku næringarefna en hefur líka víðtæk áhrif um allan líkamann. Hún leikur til að mynda hlutverk í virkni heila og taugakerfis ásamt ónæmiskerfi,“ segir Ösp.

„Hollt og fjölbreytt mataræði sem inniheldur nægilegt magn trefja er ómissandi til að viðhalda góðri flóru. Meltingarvandamál koma oft upp eftir inntöku á sýklalyfjum, ef ferðast er á framandi slóðir eða ef mataræði er einhæft. Þá getur verið mikil hjálp í því að taka inn öfluga blöndu vinveittra gerla.“



**„Ég hef prófað margar gerðir meltingargerla en aldrei fundið jafn mikla virkni og af Optibac.**

Víðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur



**„For every day er frábær blanda sex tegunda gerla af vel rannsökuðum vinveittum bakteríum sem þola magasýrur og sölt og komast þannig lifandi í smáþarmana. For Every Day hentar frábærlega fyrir þá sem vilja breiðvirka gerlablöndu til daglegrar inntöku.**

Ösp Viðarsdóttir, næringarþerapisti



For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim.




**For every day** inniheldur sex tegundir af vel rannsökuðum vinveittum gerlum sem komast lifandi í smáþarmana. For every day inniheldur einnig prebiotic trefjar sem næra góðu gerlana.

- Hentar vel eftir notkun sýklalyfja
- Gott að taka eftir magapestir
- Inniheldur FOS trefjar sem næra góðu gerlana og styðja þannig enn frekar við flóruna
- Má opna hylkin og blanda í kaldan mat eða drykk – hentar vel fyrir börn
- Sýruþolin hylki
- 6 tegundir af breiðvirkum vinveittum gerlum í hverju hylki
- 1 hylki á dag með mat, helst með morgunmat

### Optibac For women

„Leggöngin eru full af gerlum og þau eiga að vera það. Vandamálin skapast þegar ójafnvægi myndast í flórunni og þá geta sveppasýkingar og ýmis óþægindi gert vart við sig.

For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim. For women er mest rannsakaða bakteríublandan fyrir kynfærasvæðið og hafa rannsóknir sýnt að við inntöku ná þessir gerlar að styðja við gerlaflóru legganganna.

Margar konur lenda reglulega í vandræðum með flóru legganganna. Vandamál eru algeng eftir sýklalyfjanotkun og því sérstaklega mikilvægt að styðja við flóruna eftir sýklalyfjakúra. Gott hreinlæti er að sjálfsögðu ómissandi sem og hollt og gott mataræði,“ segir Ösp.




**Optibac For women** inniheldur góðgerla sem komast í gegnum meltinguna, á kynfærasvæði og setjast þar að og byggja upp heilbrigða gerlaflóru.

- Gegn sveppa-, þvagrásar- og bakteríusýkingum
- Hentar konum á öllum aldri
- Má taka á meðgöngu og með brjóstagjöf
- 1-2 hylki á dag með mat, helst með morgunmat
- Má taka að staðaldri

***Optibac fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum.***




**Rannsóknir hafa sýnt fram á betri útkomu við sveppasýkingu þegar For women er tekið með sveppalyfjum.**












**KRINGLU – KAST –**
Dagana 3-7.maí

# Brandtex®

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland

Brandtex SIGNATURE® Jensen IMITZ Ciso

# Met Gala 2018 á mánudag

**Tískuviðburðurinn Met Gala fer fram í New York næsta mánudag. Viðburðurinn vekur mikla athygli á hverju ári, en þar sýna stærstu stjörnur samtímans framúrstefnulega tísku og keppast um athygli.**

Met Gala samkoman, einn allra stærsti tískuviðburður ársins, er haldin á fyrsta mánudegi maímánaðar og fer því fram 7. maí næstkomandi. Á Met Gala fara skærustu stjörnur samtímans út fyrir viðteknar venjur í tísku og láta sjá sig í framúrstefnulegum og frumlegum múnderingum sem vekja oft athygli og jafnvel stundum kátínu. Met Gala snýst nefnilega ekki einfaldlega um að líta sem best út, heldur um að fylgja ákveðnu þema á áhugaverðan hátt og nýta tækifærið til að vekja athygli með sérlega frumlegum klæðnaði.

Met Gala heitir fullu nafni „The Costume Institute Gala at New York's Metropolitan Museum of Art“ og er fjáröflunarsamkoma fyrir Metropolitan-listasafnið í New York. Samkoman var fyrst haldin árið 1948, svo hún á 70 ára afmæli í ár.

Ásamt því að mæta til að gefa fé fá gestirnir að skoða nýjustu sýningu safnsins, sem er afhjúpuð þetta kvöld.

Umsjónarmaður viðburðarins er Anna Wintour, sem hefur stjórnað honum síðan 1995. Henni til halds og trausts þetta árið eru þær Amal Clooney, Rihanna og Donatella Versace.



Rihanna vakti mikla athygli með kjólnum sem hún klæddist á Met Gala í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kaþólskt þema

Þema samkomunnar kemur frá viðfangsefni sýningarinnar sem verður opnuð. Sýning ársins heitir „Heavenly Bodies: Fashion and the Catholic Imagination“ og snýst því um tísku sem tengist kaþólsku og kaþólsku kirkjunni gegnum aldirnar. Það er viðbúið að þetta þema verði nokkuð umdeilt og aldrei að vita nema einhverjir nýti tækifærið til einhverra pólitískra yfirlýsinga.

Sýningin verður að öllum líkindum mikil veisla fyrir augað, en þar verður meðal annars hægt að sjá yfir 40 flíkur og aukahluti frá 15 ólíkum páfum sem eru í láni frá Vatíkaninu. Þetta er í fyrsta sinn sem Vatíkanið lánar slíka muni.

## Hver túlkar með sínu nefi

Það er svo undir hverjum og einum komið hvernig þemað er túlkað. Það er til dæmis hægt að nota liti sem eru tengdir við kaþólsku kirkjuna, fá innblástur frá þekktum kaþólikkum eða vísa í kaþólsku með því að klæðast fötum sem eru hönnuð af kaþólikkum. Þemað er mjög opið.

Met Gala snýst um að vekja athygli og umræðu með klæðnaði sínum, svo það eru margir spenntir að sjá hvernig aðaltískutáknin túlka þemað. Það er kannski mest eftirvænting eftir að sjá Beyoncé, Lady Gaga og Rihönnu.

Beyoncé mætti ekki í fyrra en kemur í ár og það er mikil eftirvænting eftir því að sjá múnderinguna hennar. Lady Gaga hefur áður vakið athygli á Met Gala og það eru margir spenntir að sjá hennar túlkun á þema ársins. Svo er mikill áhugi á að sjá hverju Rihanna klæðist, ekki síst af því að hún er nú einn af skipuleggjendum viðburðarins og hefur því væntanlega tækifæri til að gera eitthvað mjög sérstakt, en kjóllinn hennar á Met Gala 2017 vakti mikla athygli.







LANCÔME
PARIS







ADVANCED GÉNIFIQUE

YOUTH ACTIVATING SERUM • EINKALEYFI TIL 2029

# HJÁ LANCÔME HEFST ALLT MEÐ GENIFIQUE

## SERUM DROPAR: LANCÔME „MUST HAVE"

Grunnurinn að fegurð húðarinnar sem allar konur ættu að eiga. Dropar sem vinna á 10 grunnþáttum unglegrar húðar. Draga úr línum og hrukkum og húðin verður fylltari, þéttari, jafnari og fær aukinn ljóma. 14 ára rannsóknir, einkaleyfi á formúlunni til 2029 og húðin verður sjáanlega unglegri á aðeins 8 dögum.

## NÝ SENDING KOMIN

### SÚ FYRSTA SELDIST UPP Á ÖRFÁUM DÖGUM.




### NÝR GÉNIFIQUE HYDROGEL MELTING MASKI

Nýjasta trendið. Við viljum ekki bíða með að árangur komi í ljós: Þú hefur maskann á í 10, 20 eða 30 mín og hann gefur samstundis ljóma, fyllingu og mýkt. Maskinn inniheldur góðgerlaþrennu og sama magn af Bifi dus Extracti og er í einu glasi af Génifique Serum 30 ml.




### ADVANCED GÉNIFIQUE YEUX

Augnkrem með geláferð sem inniheldur góðgerlaþrennu sem styrkir uppbyggingu og varnir húðar. Eykur viðnám hennar og dregur úr bólgum í húðinni. Vinnur á dökkum baugum, fínum línum, gegn þrota og gefur fallegan ljóma.

# Snyrtilegur á tónlistarhátíðum



**Það er upplagt að vera svolítið snyrtilegur til fara á tónlistarhátíðum sumarsins sem eru fram undan. Liam Gallagher og fatamerki hans, Pretty Green, sendu nýlega frá sér fatalínuna Nitetripper sem er sérstaklega ætluð fyrir tónlistarhátíðir í sumar.**

Fatamerkið Pretty Green setti nýlega á markað fatalínuna Nitetripper sem er ætluð fyrir tónlistarhátíðir sumarsins 2018.

Það er rokkstjarnan Liam Gallagher, fyrrverandi söngvari Oasis og Beady Eye, sem stofnaði fatamerkið árið 2009 og er sannarlega vel við hæfi að hann eigi hugmynd að slíkri línu enda verið aðalnúmerið á ófáum tónlistarhátíðum síðustu rúma tvo áratugina.

Hönnuðir fatamerkisins sækja innblástur til uppáhaldstíma þeirra á tónlistarhátíðum, sem er snemma kvölds þegar sólin er að setjast og partíin eru að hefjast á svæðinu. Í línunni eru m.a. jakkar, peysur, bolir og skyrtur.

Nitetripper fatalínuna má skoða á prettygreen.com þar sem hægt er að kaupa einstaka flíkur. Pretty Green rekur auk þess nokkrar verslanir á Bretlandseyjum.



Liam Gallagher á fatamerkið Pretty Green og sinnir því milli tónleikaferða um allan heim. NORDICPHOTOS/GETTY





Nitetripper-línan hentar fyrir bæði sólríka og blauta daga á tónlistarhátíðum í sumar.

Ferðamálaskólinn

Ævintýralegur starfsvettvangur
Starfstengt ferðafræðinám

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Ferðamálaskólinn býður upp á fjölbreytt og spennandi nám fyrir fólk á öllum aldri sem er með brennandi áhuga á ferðamálum og Íslandi sem ferðamannalandi.

INNRITUN STENDUR YFIR TIL 11. JÚNÍ. Sjá mk.is

Ferðamálaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4020



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN




ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

# KRINGLUKAST | 20-50%

Skoðaðu úrvalið á **www.zikzakverslun.is**

afsláttur af völdum vörum
**dagana 3-7.apríl**




Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bátar

**VEIÐIPORTIÐ**



Pro marine slöngubátar 360 cm - 229.000 kr 420cm - 289.000 kr Besta verðið í bænum ! Nánar um bátana á veidiportid.is Veiðiportið Grandagarði 3 101 Reykjavik 552-9940

## Viðgerðir

**VAKA**

VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!

VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!



Sími: 567 6700 | vakahf.is




## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Þarf að skipta um rennur, glerja eða aðra smíðavinnu? Tilboð/tímavinna. S. 888 2171

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvikur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**






CADILLAC
**Escalade Platinum**
Nýskráður 5/2014, ekinn 67 þús.km., bensín, sjálfskiptur, 7 manna, heilsársdekk
**Verð kr. 12.990.000**



HONDA
**CR-V Lifestyle**
Nýskráður 1/2013, ekinn 88 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, einn eigandi!
**Verð kr. 2.690.000**



**BÍLL DAGSINS**
**Honda CR-V EX**
Nýskráður 4/2008, ekinn 182 þús.km., bensín, sjálfskiptur,fjórhjóladrif, dráttarkrókur.
**Ásett verð kr. 1.590.000**
**Tilboð kr. 990.000**



HONDA
**Jazz Comfort**
Nýskráður 3/2018 bensín, sjálfskiptur, nýr ókeyrður bíll
**Tilboð kr. 2.590.000**



HONDA
**CR-V Elegance**
Nýskráður 10/2012, ekinn 65 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif.
**Verð kr. 2.790.000**



HONDA
**Jazz Elegance**
Nýskráður 7/2011, ekinn 122 þús.km., bensín, sjálfskiptur
**Verð kr. 1.190.000**



HONDA
**Jazz Elegance**
Nýskráður 6/2014, ekinn 54 þús.km., bensín, sjálfskiptur
**Verð kr. 1.790.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 7/2013, ekinn 40 þús.km., bensín, sjálfskiptur,fjórhjóladrif,einn eigandi!
**Verð kr. 3.390.000**



HONDA
**Civic Elegance 5 dyra**
Nýskráður 6/2016, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur,bakkmyndavél, bluetooth.
**Verð kr. 2.390.000**

**Afgreiðslutími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00
**notaðir.bernhard.is**
opið allan sólarhringinn

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Óskum eftir hressu fólki til að vinna á matarvögnum staðsettum í Reykjavík næg vinna í boði Uppl. Kobbi@humarsalan.is

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið:**
Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00 - 11:30

**Framhaldsnámskeið spænska II:**
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00

**Framhaldsnámskeið spænska IV:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00



Spænskuskólinn HÁBLAME

**Námskeiðin hefjast 7. og 8. maí.**
**Verð á mann er 29.000**

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**
***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***


Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## Ferðaþjónustuhús



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

## viftur.is

**Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir**

**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

## Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Atvinna

### Sumarstarfsmaður óskast

Óskað er eftir þjónustuliprum einstaklingi til sumarstarfa við símsvörun og létt skrifstofustörf. Unnið er eftir ákveðnu vaktafyrirkomulagi þ.e. frá klukkan 7:50 – 14:00 og 14:00 til 18:00. Einungis reglusamir og reyklausir einstaklingar koma til greina.

Umsóknir sendist á netfangið hrannar@frettabladid.is merkt **„Sumarstarf“**

### STARFSMENN S.S. SMIÐIR, RAFVIRKJAR, PÍPARAR, BIFREIÐASTJÓRAR, VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR

**PROVENTUS** Starfsmannaþjónusta **551 5000**

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

### Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



**Bryndís**
**GSM: 773 7400**





## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000 info@handafl.is | **handafl.is**



### Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum ráðningarstofa

## Tilkynningar

### Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta vátryggingastofns

Hér með tilkynnist um fyrirhugaða yfirfærslu hluta vátryggingastofns:

Yfirfærsla hluta vátryggingastofns frá AXA Insurance UK Plc til Riverstone Insurance UK Limited. Fyrirhuguð yfirfærsla er í samræmi við tilkynningu dags. 25. apríl 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Vátryggingartakar og vátryggðir geta skilað skriflegum athugasemdum til Fjármálaeftirlitsins vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar.

Fjármálaeftirlitið veitir nánari upplýsingar ef óskað er.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### Teigarhorn, Djúpavogshreppi Deiliskipulag

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 12. apríl 2018 deiliskipulag fyrir Teigarhorn - fólkvang og náttúruvætti - dags. 15. nóvember 2017 m.s.br. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á tímabilinu 20. febrúar - 3. apríl 2018.

Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun og Minjastofnun. Hefur viðkomandi aðilum verið send niðurstaða sveitarstjórnar. Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

***Sveitarstjóri Djúpavogshrepps***

### ÍSAFJARÐARBÆR

### Auglýsing um skipulagstillögur í Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 12. apríl s.l. að auglýsa eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi:

**Óveruleg breyting á deiliskipulagi Sindragötu 7, Ísafirði skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin tekur til lóðanna við Sindragötu 5 og 7 og fellst í því að sameiginlegur byggingarreitur er stækkaður til að rýma fyrir fyrirhugaðri viðbyggingu. Nýtingarhlutfall eykst í 1 en er 0.7 í gildandi skipulagi.

**Óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis F25 við Sandasker, Dýrafirði skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010**

Frístundahúsabyggðin er merkt F25 í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Svæðið er norðan af Svalvogavegi, sunnan og vestan hlíða Sandafells og afmarkast til austurs af túnum/engjum. Alls verður leyfilegt að byggja 5 frístundahús á sér lóðum með sérstakri áherslu á vistvæna uppbyggingu og með sjálfbærni að leiðarljósi.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofum Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 2. hæð, frá 4. maí til 15. júní 2018 og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.isafjordur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 18. júní 2018 annaðhvort á Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður eða á netfangið: axelov@isafjordur.is.

*Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar*


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
RFR.
#cuberace
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
WWW.TRI.IS
LOUISGARNEAU
ParkTool
Tacx
STAGES CYCLING
#becube #triverslun
RolfPRIMA
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
3. MAÍ 2018 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**996** Gregoríus 5. (Bruno von Kärnthen) kjörinn páfi. Hann var 24 ára frændi Ottós keisara og fyrsti þýski páfinn.

**1494** Kristófer Kólumbus kemur auga á Jamaíku.

**1902** Oddfellowreglan hefur forgöngu um stofnun Hjúkrunarfélags Reykjavíkur. Það var lagt niður 1937.

**1943** Frank M. Andrews, æðsti yfirmaður herafla Bandaríkjanna í Evrópu, ferst í flugslysi er flugvél hans flýgur inn í Fagradalsfjall á Reykjanesskaga. Auk hans fórust þrettán aðrir.

**1970** Álverið í Straumsvík formlega tekið í notkun, en álframleiðsla hafði þó hafist þar árið áður.

**1973** Íslenskri stafsetningu breytt með reglugerð frá menntamálaráðuneytinu. Bókstafurinn z er lagður niður í íslensku ritmáli.

**1986** Ísland tekur þátt í Eurovision í fyrsta skiptið með laginu „Gleðibankinn" sem hljómsveitin ICY flutti. Sandra Kim vann keppnina fyrir hönd Belgíu með laginu „J'aime la vie".

**1991** Síðasti þáttur sjónvarpsþáttaraðarinnar Dallas er sendur út.

**1998** Fyrsti áfangi Grafarvogslaugar opnaður.

**1999** Skýstrokkur gengur yfir miðborg Oklahómaborgar og veldur 36 dauðsföllum.

**2000** Fyrsti Geocaching-leikurinn fer fram.

# Verður að fara rétt með hinn brottfellda bókstaf

**Bókstafnum z var rutt út úr íslenska stafrófinu nánast með einu pennastriki á Alþingi fyrir 45 árum. Þó eru enn nokkrir Íslendingar sem ávallt nota zetuna þegar þeir rita mál sitt. Einn af þeim er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.**

Stafurinn z var einu sinni hluti af stafrófinu en var tekinn út árið 1973 vegna þess að z er í íslensku borið fram eins og s og þótti því ástæða til að einfalda stafsetningu. Samtímis var rætt um að fella út y og ý en ekki náðist samstaða um það.

Ekki var einhugur um málið á Alþingi og flutti Sverrir Hermannsson þrumuræðu þar sem hann kom bókstafnum til varnar. Sagði hann meðal annars; „Það er nauðsynlegt að fá sem gleggstar upplýsingar um alla þætti þessa máls, því að greinilega er með því vegið að íslensku ritmáli og úr launsátri."

Þá benti Sverrir á að nokkrir sem hefðu komið að því að reyna að útrýma bókstafnum myndu sjálfir ætla að rita z þegar það ætti við. „Nú á að gera tilraun á Íslendingum. Nú hyggja launsátursmenn, að kunni að vera lag, og því skal róið. Könnuð skulu viðbrögð almennings í velferðarþjóðfélaginu. Kanna skal, hvort hann er ekki daufdumbur orðinn fyrir öllu öðru en brauði og leikjum, einnig hvort t.d. alþm. hafa ekki áreiðanlega asklokið fyrir himin. Z hefur aldrei verið og er ekki heldur þessum mönnum neitt aðalatriði. Þeir verða að fikra sig áfram að þeirri aðferð, að ritað skuli eftir framburði. Og þá er feitari gelti að flá en z, og þar á ég t.d. við y. Ef þessi tilraun með z heppnast vel, þá er að snúa sér að stóru verkefnunum og þá fyrst og fremst að y. Meðan þrætan stóð um íslenskar ritreglur í 150 ár eða þ.u.b., var endurskoðunarsinnum öllum miklu meira í nöp við y en z."

Ólafur Stephensen, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins og Fréttablaðsins og núverandi framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, er einn af þeim sem nota z-una. „Mér finnst rétt að nota hana," segir Ólafur. „Hún er aflögð rétt



Mörgum þykir mjög vænt um zetuna og geta ekki hugsað sér annað en að nota hana. NORDICPHOTOS/GETTY

áður en ég byrja í Ísaksskóla. Ég las mikið af bókum sem krakki sem voru stafsettar upp á z. Sem unglingur fór ég að velta fyrir mér reglunum og myndaði mér þá skoðun að þetta hefði verið misráðið hjá Magnúsi Torfa Ólafssyni, þáverandi menntamálaráðherra, sem lagði til afnám z.

Reglurnar eru einfaldar og rökréttar og í menntaskóla fór ég að prófa mig áfram en íslenskukennarar mínir sögðu að ég fengi villu fyrir að nota bókstafinn, þó sumir hvísluðu að mér að þetta væri gott hjá mér. En þeir vildu ekki að ég notaði z í ritgerðum og stílum.

Þegar ég var sloppinn úr menntaskóla fór ég að nota bókstafinn í skrifum mínum," segir Ólafur.

Hann segir að nokkrir aðrir noti enn hinn bannaða bókstaf en þeir séu þó ekki margir. „Menn þurfa að vanda sig. Það fer í taugarnar á mér þegar fólk skrifar z en fer ekki rétt með bókstafinn."

**benediktboas@365.is**

> **Sem unglingur fór ég að velta fyrir mér reglunum og myndaði mér þá skoðun að þetta hefði verið misráðið hjá Magnúsi Torfa Ólafssyni, þáverandi menntamálaráðherra,**
>
> Ólafur Þ. Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



**Fimleikafólk getur mótað z ef tveir eru saman.** NORDICPHOTOS/GETTY

---



✝

Ástkær eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigríður Einarsdóttir**

píanókennari,
Brúnalandi 30, Reykjavík,

lést sunnudaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 11. maí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Gunnar Sigurðsson**
**Kristín Ragna Gunnarsdóttir** **Gunnlaugur Torfi Stefánss.**
**Sigurður Bjarki Gunnarsson** **Þórunn Ósk Marinósdóttir**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir** **Martin Nagstrup**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sjöfn Helgadóttir**

er látin.

**Jórunn L. Bragadóttir**
**Linda B. Bragadóttir**
**Sveinn H. Bragason**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Valdimarsson**

Mánabraut 9, Þorlákshöfn,

lést á Hrafnistu miðvikudaginn 25. apríl. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju, Þorlákshöfn, þriðjudaginn 8. maí kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hrafnistu.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Elsa Auðbjörg Unnarsdóttir**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Brynleifur H. Steingrímsson**

Lækjasmára 7, Kópavogi,

sem lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 24. apríl, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. maí kl. 15.00.

**Guðrún Helga Brynleifsdóttir** **Gunnlaugur A. Jónsson**
**Helga Brynleifsdóttir** **Jón G. Hauksson**
**Brynja Blanda Brynleifsdóttir** **Ingvaldur Thor Einarsson**
**Steingrímur Brynleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar elskulegi

**Sæbjörn Jónsson**
**(Sæbi)**

lést mánudaginn 16. apríl á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Bestu þakkir til þeirra sem önnuðust hann í hans erfiðu veikindum. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hornbrekku fyrir góða umönnun.

**Fjölskyldan**

---



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Óli Kristinn Jónsson**

málari og múrari,
áður til heimilis í Garðabæ,

lést 8. apríl sl. á Hrafnistu Hafnarfirði. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Þór Ólason** **Ragna Soffía Jóhannsdóttir**
**Gústav Óli Jónsson**
**Edda Líf Jónsdóttir**
**Bjartur Þór Jónsson**

---



✝

Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, fósturfaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðjón Sveinbjörnsson**

Leirubakka 30,
109 Reykjavík,

lést á Landspítalanum 28. apríl sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Logi A. Guðjónsson** **Jóhanna G. Jóhannesdóttir**
**Sveinbjörn Guðjónsson**
**Guðmundur Guðjónsson**
**Jón Ívar Guðjónsson**
**Björn S. Stefánsson** **Þorgerður Sigurjónsdóttir**
**Stella Stefánsdóttir** **Ásmundur Reykdal**
**Halldór Sigurðsson**
**Árný J. Guðmundsdóttir** **Jóhann T. Sigurðsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýjar kveðjur við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Björnsdóttur**

Tjarnarási 7a,
Stykkishólmi,

**Eyþór Benediktsson** **Unnur Valdimarsdóttir**
**Ingibjörg H. Benediktsdóttir** **Gretar D. Pálsson**
**Bryndís Benediktsdóttir** **Birgir Jónsson**
**Björn Benediktsson** **Árþóra Steinarsdóttir**
**Lára Benediktsdóttir**
**Anne Bau**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Gestabók
nokkrir litir
Tilboðsverð 2.799 kr.
Verð áður 3.999 kr.




Sýningartjald
rafdrifið
Tilboðsverð frá 52.792 kr.
Verð áður frá 65.990 kr.




Flettitafla
á hjólum
Tilboðsverð 23.992 kr.
Verð áður 29.990 kr.

# Allt fyrir skrifstofuna




Rocketbook Everlast
Snjallstílabók
Tilboðsverð 5.395 kr.
Verð áður 5.999 kr.




Frixion Ball
kúlutússpenni, 0,7 mm
Tilboðsverð 419 kr.
Verð áður 699 kr.



Teygjur
blandaðar stærðir
Tilboðsverð 239 kr.
Verð áður 345 kr.


MÁNAÐAR-
TILBOÐ
MAÍ 2018

60%
AFSLÁTTUR
af GBC Fusion plöstunarvélum ef keyptir eru plöstunarvasar fyrir 30.000 kr.

Plöstunarvélar í úrvali

**Plöstunarvélar**

| Vörunúmer | Stærð (HxB) | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|---|
| AC4400744 | GBC Fusion 1000L A4 | 12.990 | 5.196 |
| AC4400746 | GBC Fusion 1100L A4 | 24.990 | 9.996 |
| AC4400747 | GBC Fusion 1100L A3 | 29.990 | 11.996 |
| AC4400748 | GBC Fusion 3000L A4 | 34.990 | 13.996 |
| AC4400749 | GBC Fusion 3000L A3 | 49.990 | 19.996 |
| AC4400750 | GBC Fusion 3100L A3 | 69.990 | 27.996 |

FRÍ SENDING & SÚKKULAÐI MEÐ KAFFINU FYLGIR ÖLLUM PÖNTUNUM YFIR 20.000 KR.

**Nýttu þér kosti þess að versla á a4.is**

Vefverslunin er opin allan sólarhringinn og því auðvelt að versla hvenær sem er. Safnaðu vörum í körfu, sjáðu verðin og sendu þegar þér hentar. Góð yfirsýn yfir síðustu pöntun og einfalt að panta það sama og síðast.

www.a4.is / sími 580 0000 / panta@a4.is

A4

## Hljóðdempandi lausnir

EFG býður upp á mikið úrval lausna til að dempa hljóð og afmarka vinnurými.



Gríptu með þér eintak af nýjasta tilboðsblaðinu okkar í næstu A4 verslun eða skoðaðu á www.a4.is

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Í dag gengur hann í suðvestan strekking. Honum fylgir éljagangur. Norðaustan- og austanlands verður hins vegar þurrt og bjart og einnig hlýjast eða um 8 stiga hiti þegar best lætur.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | 2° |
| ↗13 | ↗9 | →7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 7° | 3° | -3° |
| ↑17 | ↗10 | ↗14 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 1° |
| ↗12 | ↗13 | ↗14 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 4° | -3° |
| ↗15 | ↗14 | ↗14 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | | | | | | | 6 |
| | 2 | 4 | 6 | 7 | | 3 | | |
| | 4 | 9 | | 3 | | 5 | 1 | |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | | 9 | 8 | | 3 |
| 9 | | 3 | | | | | 5 | |
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | 6 | | 2 | | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 3 | | 5 | 1 | 9 |
| | | | 1 | | | 7 | | 4 |
| 5 | | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 9 | 6 | |
| 2 | 6 | | 9 | 8 | | | | |
| 6 | 1 | | | 2 | | 4 | 5 | 8 |
| | 4 | 5 | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | 7 | 1 | 3 | |
| 6 | 8 | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |
| 7 | | | | 1 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 5 | 9 | 7 | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. rándýr
5. magur
6. málmur
8. gróa
10. tveir eins
11. tré
12. klink
13. drykkjarílát
15. skordýr
17. fangi

**LÓÐRÉTT**
1. sorps
2. hljóðfæri
3. frjó
4. rispan
7. mjólkursykur
9. notkun
12. máttur
14. umrót
16. rún

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | 9 | | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** úlfur, **5.** rýr, **6.** ál, **8.** grænka, **10.** aa, **11.** eik, **12.** mynt, **13.** glas, **15.** soglús, **17.** snari.
**LÓÐRÉTT:** **1.** úrgangs, **2.** lýra, **3.** fræ, **4.** rákin, **7.** laktósi, **9.** neysla, **12.** magn, **14.** los, **16.** úr.

## Skák Gunnar Björnsson

Benoit átti leik gegn Roovov í Belgíu árið 1975
**Hvítur á leik**
**1. Hf8+! Hxf8 2. Bxf8 1-0.**
Öðlingamóti TR lauk í gærkveldi. Sigurbjörn Björnsson og Þorvarður F. Ólafsson börðust um sigur á mótinu. Landsmótið í skólaskák hefst á morgun.

**www.skak.is:** Allt um öðlingamótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# MARKAÐURINN

## Vettvangur viðskiptafrétta

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

» Þú getur einnig nálgast Markaðinn í Fréttablaðs appinu

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan · SMÁRALIND · FJÖRÐUR · bóksala stúdenta · Háma

BÓNUS · KJÖRBÚÐIN · Krambúð · nettó · N1 · olís






FRÉTTABLAÐIÐ

mest lesna dagblað landsins.

BÍLAR

# Æfðu vistvænan akstur hjá Benz

Kenna íslenskum bílstjórum sparnað í akstri. Námskeiðið er blanda af akstri þar sem nemendur aka hópferðabíl í umferð við hefðbundnar aðstæður. Síðan taka þeir bóklegan hluta í kennslustofu þar sem farið er yfir hugmyndafræði vistakstursins.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



EvoBus, framleiðandi Mercedes-Benz og Setra hópferðabíla, og Askja buðu helstu viðskiptavinum sínum á námskeið í vistakstri fyrir ökumenn hópferðabíla. Um 30 bílstjórar tóku þátt í námskeiðinu sem haldið var í Reykjavík og nágrenni í síðustu viku og var námskeiðið blanda af verklegum æfingum og fyrirlestrum í kennslustofu.

Við verklegu kennsluna var notast við nýjan 49 sæta Toursimo sýningarbíl sem Askja hefur til umráða fram á sumar. Kennari á námskeiðinu var Uwe Byer en hann hefur verið aðalkennari íslenskra ökumanna á akstursnámskeiðum í Þýskalandi undanfarin ár.

**Fyrir og eftir**

„Námskeiðið er blanda af akstri þar sem nemendur aka hópferðabíl í umferð við hefðbundnar aðstæður. Síðan taka þeir bóklegan hluta í kennslustofu þar sem farið er yfir hugmyndafræði vistakstursins og ekki síður öryggisþátt námskeiðsins sem er stór hluti af þessu öllu.



Uwe Byer ásamt nemendum í vistvæna akstrinum við Tourismo hópferðabíl sem notaður var við verklegu kennsluna.

Til að byrja með aka allir nemendur einn hring eins og þeir eru vanir og sitja allir nemendur í bílnum á meðan. Þegar þessum hring er lokið er farið yfir niðurstöður akstursins hjá hverjum og einum. Farið er yfir tíma, meðalhraða og eyðslu á eldsneyti.

Þegar allir hafa lokið þessum fyrri hring er farið aftur í kennslustofuna og bóklegi hlutinn tekinn. Svo er farið út í bíl aftur og allir nemendur aka annan hring. Þá er hægt að bera saman og athuga hvort nemendur geti bætt árangur sinn, stytt aksturstíma, hækkað meðalhraða og lækkað eldsneytiseyðslu.

Í langflestum tilfellum hafa nemendur bætt sig á milli ferða, en að sjálfsögðu geta aðstæður haft þar áhrif, m.a. umferð, tafir og fleira,“ segir Uwe en hann hefur komið tvívegis áður til Íslands til þess að kenna ökumönnum á námskeiðum.

**Það er gott að keyra á Íslandi**

„Það er gott að keyra á Íslandi, umferðin er þægileg og þetta er eins og að vera í litlum bæ í Þýskalandi en ekki í stórborg þar sem oft er mjög erfitt að keyra. Ísland er líka mjög fallegt land og það er sérlega gaman að keyra út fyrir borgina og sjá alla þessa fallegu náttúru,“ segir Uwe.

„Með þessu námskeiði vildum við bæta þjónustuna við viðskiptavini okkar og ekki síður stuðla að aukinni hagkvæmni, öryggi farþega og ökumanna. Þetta námskeið er það fyrsta sem haldið er hér á landi með þessari uppsetningu. Það er samdóma álit nemenda að námskeið af þessu tagi séu mjög góð. Bæði finnst nemendum þeir bæta sig sem ökumenn og öðlast þekkingu á að vera hagkvæmari í akstri. Það að geta minnkað eyðslu um 5-7 prósent á bílum sparar mikið í eldsneytiskaupum,“ segir Sigurður Einar Steinsson hjá Mercedes-Benz atvinnubílum Öskju.

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

Glæný og fersk störf í hverri viku.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

# Cayenne E-Hybrid úr 416 í 455 hestöfl

Porsche Cayenne E-Hybrid af nýju kynslóðinni kemur á markað á næsta ári og þá með aflmeiri drifrás. Núverandi gerð bílsins er með 416 hestafla drifrás sem samanstendur af brunavél og 95 hestafla rafmótor. Í næstu kynslóð verður áfram 3,0 lítra V6 bensínvél með forþjöppu og einn 134 hestafla rafmótor og mun drifrásin þá samtals skila 455 hestöflum til allra hjóla bílsins. Rafmótorinn fær afl frá 14,1 kWh lithium-ion rafhlöðu sem fullhlaða má á aðeins tveimur klukkutímum og 18 mínútum með nýrri 7,2 kW hleðslustöð.

Aflaukning bílsins milli kynslóða gerir það að verkum að spretturinn í hundraðið fer úr 5,9 sekúndum í 4,7 sekúndur og verður þessi jeppi því með allra sneggstu jeppum.




Turbienchen-hunangið er framleitt af hraðskreiðum býflugum Porsche.

Hámarkshraðinn er 253 km/klst. Porsche Cayenne E-Hybrid er að ytra útliti ekki frábrugðinn venjulegum Cayenne nema að því leyti að bremsubúnaður bílsins er grænn að lit. Hjá Bílabúð Benna má fá núverandi gerð Porsche Cayenne E-Hybrid á 10.950.000 krónur.

# Porsche bætir við sig 3.000.000 nýrra „starfsmanna“ í formi býflugna

Porsche hefur bætt við sig 3.000.000 nýjrra „starfsmanna“ fyrir utan verksmiðjur sínar í Leipzig, en þessir starfsmenn eru hvorki doktorar í verkfræði né lærðir vélfræðingar, heldur býflugur.

Í fyrrasumar voru þessar býflugur í býflugnabúi Porsche 1,5 milljónir talsins og framleiddu 400 kíló af hunangi sem seldist reyndar upp á augabragði í versluninni sem tengist verksmiðjum Porsche í Leipzig. Porsche hefur því tvöfaldað „verkamannafjöldann“ á milli ára og stefnir að framleiðslu á 1.000 kílóum af hunangi í sumar.

Þessi starfsemi myndu margir halda að væri hreinn leikaraskapur hjá Porsche, en sannleikurinn er sá að þetta er samfélagsverkefni sem ætlað er að fjölga býflugum í Þýskalandi sem víða eiga undir högg að sækja. Um helminginn býflugnategunda í landinu flokkast undir það að vera í útrýmingarhættu. Hunangið, sem er afrakstur þessarar ræktunar Porsche, er selt undir nafninu Turbienchen, sem gæti útlagst sem litlar túrbínur, en þannig mætti segja að býflugur hljómi einmitt. Nokkuð viðeigandi nafn það og tengir vöruna við hina söluvöru Porsche, það er bíla.



**»UM HELMINGUR BÝFLUGNATEGUNDA Í LANDINU FLOKKAST UNDIR ÞAÐ AÐ VERA Í ÚTRÝMINGARHÆTTU.**

# ALLAR FERÐATÖSKUR

## 35% VILDAR AFSLÁTTUR

GRÍPTU GÆSINA

## KOMDU Í HEIMSÓKN & GERÐU GÓÐ KAUP!





| | | | |
|---|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Álfabakka 16, Mjódd | Hafnarfirði - Strandgötu 31 | Ísafirði - Hafnarstræti 2 |
| Skólavörðustíg 11 | Kringlunni norður | Keflavík - Sólvallagötu 2 | Vestmannaeyjum - Bárustíg 2 |
| Laugavegi 77 | Kringlunni suður | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 | Húsavík - Garðarsbraut 9 |
| Hallarmúla 4 | Smáralind | Akranesi - Dalbraut 1 | |

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 9. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Brýtur niður fordóma og skilar okkur góðri list

**Listahátíðin List án landamæra verður sett í fimmtánda sinn í dag. Að vanda er dagskráin hlaðin af spennandi listviðburðum og sýningum sem enginn þarf að missa af því að aðgangur er ókeypis.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Listahátíðin List án landamæra verður sett við hátíðlega athöfn klukkan fimm í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í dag og stendur fram til 13. dags þessa mánaðar víða um borgina. Aðgangur að öllum viðburðum hátíðarinnar er ókeypis en framkvæmdastýra og listrænn stjórnandi er Ragnheiður Maísól Sturludóttir og hún segir að á hátíðinni sé lögð áhersla á listsköpun fatlaðra. „Hátíðin leggur líka mikið upp úr samstarfi fatlaðra og ófatlaðra listamanna og leitast þannig við að ná menningarlegu jafnrétti. En það verður að segjast eins og er að því miður vantar oft rými fyrir fatlaða listmenn innan hinnar almennu listasenu.“



Ragnheiður Maísól segir að á Íslandi séum við langt á eftir Norðurlöndunum þegar kemur að aðstæðum fyrir nám og listsköpun fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Rosalega langt á eftir

Ragnheiður Maísól bendir á að erlenda orðið yfir samsvarandi hátíðir sé Outsider Art sem þýða mætti sem utangarðslist. „Við höfum þó kosið að nota ekki þetta hugtak vegna þess að okkur finnst felast í þessu hugtaki ákveðin jaðarsetning sem við erum að leitast við að hafna. En eins og staðan er þá hafa fatlaðir listamenn til að mynda lítið sem ekkert aðgengi að listnámi á Íslandi. Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur þó staðið sig hvað best og verið með diplómanám í myndlist en það fékkst ekki styrkur áfram frá hinu opinbera þó svo að þörfin væri augljóslega mjög mikil. Að auki má nefna að ef þú ert í hjólastól þá er ekki einu sinni aðgengi fyrir þig inn í Listaháskóla Íslands. Þeir sem eru í hjólastól komast bókstaflega ekki inn í skólann vegna þess að þar er enginn rampur heldur einvörðungu þrep sem er auðvitað dapurlegt. Listaháskólinn hefur reyndar verið að berjast fyrir þessu en að sækja fjármagn til þess að fá úr þessu bætt hefur þó enn ekki borið árangur.“

Ragnheiður Maísól segir að þetta sé auðvitað bagalegt og tilgreinir að hátíðin vinni mikið með norrænum aðilum og að þar sé málum ansi ólíkt háttað. „Þar eru t.d. stór stúdíó þar sem listamenn með þroskahömlun koma til þess að vinna að list sinni daglega og fá greitt fyrir það vegna þess að það er vinna. Þau eru undir handleiðslu listamanna og þetta skilar samfélaginu betri andlegri líðan, betra samfélagi og þegar upp er staðið þýðir það minni útgjöld fyrir hið opinbera. Þannig að það má vel horfa á þetta svona út frá hagkvæmni. En við erum rosalega langt á eftir í þessum málum.

Að auki þá er mjög erfitt fyrir fatlaða listamenn hér að koma sér á framfæri vegna þess að þeir hafa ekki sömu möguleika og aðrir. Hafa ekki sömu tæki og tól og aðrir hafa til þess að kynna sín verk.“

### Hvað er að þér?

Fyrsta hátíðin List án landamæra var haldin árið 2003 á Evrópuári fatlaðra og Ragnheiður Maísól segir að það hafi strax gengið svo glimrandi vel að það hafi verið ákveðið að halda áfram. „Núna erum við því að halda hátíðina í fimmtánda sinn. Á þessum árum er búið að prófa ýmislegt eins og að vera með hana allt árið og við höfum tekið þátt í Hönnunarmars, RIFF og fleiri hátíðum auk þess að vera alfarið á okkar vettvangi. En núna erum við með þetta svona beggja blands og erum með okkar vettvang en tökum líka þátt í fleiri hátíðum á árinu.“

Ragnheiður Maísól segir að opnunarhátíðin sé þó alltaf fastur liður og þar sé alltaf mikið um dýrðir. „Borgarstjóri setur hátíðina og svo verður fjöldinn allur af flottum atriðum á borð við Tjarnarleikhópinn, MC Ísbjörn, JóaPé og Króla og fleira skemmtilegt. En á sama tíma opnar listmaður hátíðarinnar einkasýningu í Ráðhúsinu. Hann heitir Aron Kale, frábær listamaður sem kemur frá Egilsstöðum. Að lokinni opnunarhátíð verður svo opnuð sýning í Gallery Port á verkum listakonunnar Láru Lilju Gunnarsdóttur sem er sannkallað undrabarn í listinni.“

Ragnheiður Maísól segir að það verði mikið um dýrðir á hátíðinni og að þar á meðal séu til að mynda vídeóverk sem eru unnin í norrænu samstarfi. „Vídeóverkin fimm fjalla einmitt um það hvernig aðrir vilja setja fatlaða í kassa sem gerist t.d. með spurningum á borð við: Hvaða greiningu ert þú með? Hvað er að þér? En það skiptir engu máli. Að auki þá er heimildarmynd um gerð þessara verka og listakonan sem gerir þá mynd skýtur hana og klippir eins og hún sjálf upplifir heiminn en hún er með Asperger og horfir því ekki í augun á fólki. En heimildarmyndin svarar ýmsum spurningum um það hvað það felur í sér að vinna list á eigin forsendum en ekki annarra.



Málverk eftir Aron Kale sem er listamaður ársins hjá List án landamæra.



Mynd úr danssýningunni Pond með finnska danshópnum Kaaos Company.

Á sunnudaginn erum við svo með finnskt dansverk í sundlaug Styrktarfélagsins við Háaleitisbraut þar sem fatlaðir og ófatlaðir dansa saman. Á mánudag verður leiklestur í Iðnó eftir listamanninn Atla Viðar frá Akureyri en hann skrifar líka tónlist og gerir söngleiki og þar verða þjóðþekktir leikarar að lesa. Á fimmtudaginn verður opnuð frábær finnsk sýning í Grafiksalnum og þar eru líka ótrúlega falleg vídeóverk. Á laugardaginn hefst svo sýning á saumaverkum eftir þá Kristján Ellert Arason og Loga Höskuldsson sem þeir vinna þannig að þeir sauma út og hafa unnið þetta sem leik með því að annar byrjar á verkinu en hinn klárar og þeir reyndar senda þetta á milli landa vegna þess að Logi er búsettur í Svíþjóð. Það er nú ekki allt talið og ég hvet fólk bara til þess að kynna sér dagskrána og koma því það kostar ekkert inn á List án landamæra.“

### Enginn munur

Eitt af því sem er hvað mest heillandi við List án landamæra er hversu opin hátíðin er fyrir alla sem vilja taka þátt. Hátíðin kemur líka víðar við og Ragnheiður Maísól segir að Austurland hafi verið einkar öflugt á síðustu árum og því teygi hátíðin anga sína þangað. „Við verðum því fyrir austan frá 5. til 15. maí og á Norðurlandi 26. til 27. maí og svo má geta þess að það voru tónleikar á Reykjanesi í apríl. Þannig að gróskan er mikil.“

Það er athyglisvert að þó svo það séu ekki miklir fjármunir í List án landamæra þá segir Ragnheiður Maísól að það sé aldrei vandamál að fá bæði fatlaða og ófatlaða listamenn til þess að taka þátt. „Við leggjum mikið upp úr samstarfi á milli fatlaðra og ófatlaðra til þess að brjóta niður þessi ósýnilegu landamæri og oft sækist fólk eftir því að fá að vera með. Allt eru þetta listamenn sem standa fyrir sama ferlinu. Ég er sjálf myndlistarkona og ég vildi óska þess að við værum meira í svona samstarfi því sköpun margra fatlaðra listamanna er á einhvern hátt miklu óheftari og frjálsari. Þau eru ólíklegri til þess að vera í þessari endalausu sjálfsritskoðun sem reynist mörgum erfið. Þess vegna er þetta samstarf alltaf af hinu góða og bæði brýtur niður fordóma og skilar okkur góðri list. Það er enginn munur á fötluðum og ófötluðum listamönnum og því eiga engin landamæri að vera þarna á milli.“


VIÐ FRAMLENGJUM
AFMÆLISGLEÐINNI!
-30% af öllum vörum
Dondola®
Hirzlan
25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR
25 ára
afmælis-
tilboð
Verð frá 48.700,-
Ódýrustu
rafmagnsborðin
á Íslandi!
Síðumúla 37,
108 Reykjavík.
Sími: 564-5040.
hirzlan@hirzlan.is.
www.hirzlan.is













# BÍÓ



**Allt fór á annan endann í lok fyrstu seríu Westworld og lítil hætta á að þær manneskjur, sem eru fastar í heimi þar sem byssuglöð vélmenni fara hamförum, eigi eftir að ríða hamingjusamar inn í sólarlagið.**

# Meðal róna og véldóna í Arisóna

Sýningar eru hafnar á ný á sjónvarpsþáttunum Westworld. Þættirnir sækja innblástur til 45 ára kvikmyndar. Bæði eru þeir hörkuspennandi og krefjandi siðferðislegar spurningar gefa þeim dýpt.

Kapalsjónvarpsstöðin HBO á heiðurinn af mörgum bestu sjónvarpsþáttum síðustu tveggja áratuga og í raun hratt HBO af stað byltingu í gerð sjónvarpsþátta með The Sopranos 1999.

Handrit, tónlist, leikur, klipping og kvikmyndataka standast þegar best lætur, í kjölfar The Sopranos, allar kröfur hvíta tjaldsins. Aðdráttarafl þátta af þessu tagi er enda slíkt að HBO leyfir sér ítrekað að gera langt hlé á milli þáttaraða án þess að missa takið á áhorfendum.

Westworld hóf göngu sína í október 2016 og skilið var við áhorfendur á dramatískum hápunkti í desember. Og loksins, einu og hálfu ári síðar, er ballið í hinu vélræna villta vestri byrjað aftur.

Westworld-þættirnir byggja á drungalegri framtíðarsýn leikstjórans og handritshöfundarins Michaels Crichton heitins sem sendi frá sér samnefnda kvikmynd 1973.

Westworld sagði frá skemmtigarði sem bauð vel stæðu fólki upp á að upplifa villta vestrið í leikmynd þar sem mannleg vélmenni voru höfð þeim til skemmtunar. Í boði var til dæmis að myrða þau og nauðga án afleiðinga. Kerfisvilla verður síðan til þess að vélmennin gera uppreisn, ganga af göflunum og slátra kúgurum sínum.

